



Það var mikið rok víða á höfuðborgarsvæðinu gær. Svo mikið á tímabili að erfitt var að standa í lappirnar. Þessi verkamaður notaði tækifærið og brá á leik við Hörputorg í gærmorgun. Hélt hann fast í staurinn og lék sér að því að blakta í vindinum. Mikil norðanátt er á landinu og má búast við álíka roki í dag sem bætist við kuldann í lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Hamli ekki samkeppni banka

Framkvæmdastjóri Birtu tekur ekki undir áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af mögulegu eignarhaldi lífeyrissjóða á tveimur bönkum. Bankasýslan metur umfram eigið fé Íslandsbanka á 19 til 57 milljarða.

VIÐSKIPTI „Ég á bágð með að trúá því að tvö fyrirtæki á samkeppnismarkaði semji um jafntefli á þeim grundvelli að sömu lífeyrissjóðir eigi hlut í báðum fyrirtækjum,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Birtu.

Tilfnið er umsögn Samkeppniseftirlitsins um fyrirhugaða sölu á fjórðungshlut rikissjóðs í Íslandsbanka. Eftirlitið hefur áhyggjur af því að það kunni að hafa hamlandi áhrif á samkeppni ef lífeyrissjóðir verða stórir eigendur að bankanum en fyrir eiga þeir samanlagt um 40

183

milljörðum nam eigið fé Íslandsbanka í lok september.

prósenta hlut í Arion banka. Ólafur nefnir að ekki megi líta á lífeyrissjóði sem eina heild, enda séu fjölmargir sjóðir umsvifamiklir á innlendum verðbréfamörkuðum og þeir taki fjárfestingarákvarðanir hver á sínum forsendum.

Mat Bankasýslunnar er að

umfram eigið fé Íslandsbanka sé allt að 57 milljarðar en stofnunin mun kanna hvort hagkvæmt sé að greiða hluta af því fé til ríkisins í formi arðs fyrir sölu. Niðurstaðan veltur á því hvernig fjárfestar verðmeta umfram eigið féð.

„Fræðilega séð þá ætti ríkið að fá 100 aura fyrir hverja krónu sem bankinn er með í umfram eigið fé,“ segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar. Þannig myndi ekki skipta rikissjóð máli, út frá markmiðinu um að hámarka endurheimtur af eignarhlutum, hvenær

umfram eigið fé yrði greitt út. wEf verðmat á umfram eigin fé er aftur á móti nálægt margfeldinu 0,80 gæti verið betra að greiða út sérstakan arð fyrir sölu.

Jón Gunnar segir að stjórn bankans geti ráðstafað umfram eigin fé með þrenns konar hætti.

„Stjórnin getur ákveðið að viðhalda umfram eigin fénu til að hafa svigrúm fyrir útlánavöxt. Sama gildir ef bankinn sér fram á frekari varúðarniðurfærslur á lánasafninu. Í þriðja lagi er hægt að greiða arð til hluthafa.“ – tfh, thg / sjá Markaðinn


Biden tekur við

BANDARÍKIN Joe Biden verður svariinn í embætti 46. forseta Bandaríkjanna klukkan 17 í dag, eða 12 að staðartíma, við þinghúsið í Washington D.C. Kamala Harris verður einnig svariinn í embætti varaforseta. Árásin á þinghúsið þann 6. janúar og heimsfaraldurinn setja mark sitt á athöfnina og munu 25 þúsund þjóðvarðliðar standa vörð.



Joe Biden, verðandi Bandaríkjaforseti.

Donald Trump, fráfarandi Bandaríkjaforseti, verður í Flórída. Er það er fyrsta sinn frá árinu 1869 sem fráfarandi forseti er ekki viðstaddur athöfnina. – khg / sjá síðu 6



KOMDU STRAX Í STUÐIÐ!

Þú ert aðeins eina mínútu að skipta yfir

orkusalan

Ítreka betur mikilvægi hvíldar

COVID-19 Almannaþingin ætla sér að ítreka betur við þá ferðamenn sem koma til landsins að hvíld sé nauðsynleg ef fólk þarf að fara í löng ferðalög til að komast heim til sín í sóttkví. Rögvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi ávallt verið skýrt í leiðbeiningum að það sé mikilvægt að taka sér hvíld.

Hann harmar að slysið í Skötufirði hafi orðið til þess að umræðan hafi farið af stað um þetta málefni en bendir þó á að það sé ávallt á öku-mönnum kvæð að meta eigið ástand áður en lagt er af stað í akstur.



Rögvaldur Ólafsson.

Fjölskyldan sem lenti í slysinu í Skötufirði var nýkomin til landsins, var snemma á ferð við mjög slæm akstursskilyrði og hafði verið á ferðinni alla nóttina að undangengnu löngu ferðalagi frá útlöndum.

„Það er gott að fá þessa umræðu til að hnykkja á þessu og fleiri verði meðvitaðri um þetta,“ segir Rögvaldur.

Í gær voru 127 einstaklingar í einangrun með virkt COVID-19 smit. Sólarhringinn á undan greindust tvö tilfelli innanlandssmits og voru báðir einstaklingarnir í sóttkví við greiningu. Fjórir greindust við skimun á landamærum. Tuttugu lágu á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins en enginn á gjörgæslu. – la, bdj

Drengurinn lést

SLYS Drengur á öðru ári, sem lenti í umferðarslysi á laugardaginn í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi, er látinn. Hann hét Mikolaj Majewski og lést á Landspítalanum í dag. Móðir hans, Kamila Mahewska, lést á laugardagskvöld en hún var á þrítugsaldri.

Þrennt var í bilnum þegar slysið varð og er eiginmaðurinn nú á spítala í Reykjavík en ekki er vitað um líðan hans að svo stöddu. Fjölskyldan var nýlega komin til landsins og var á leið til heimilis síns á Flateyri er billinn hafnaði úti í sjó í Skötufirði.

Hafin er söfnun til að styðja við fjölskyldu föður drengsins sem ætli að fljúga til Íslands til aðstoðar við jarðsetninguna. – þp

Milljónir til kaupa á björgunarskipum



Í gær var skrifað undir samkomulag þess efnis að ríkið muni veita Landsbjörg allt að 450 milljóna króna framlag til kaupa á þremur björgunarbátum. Hámarksverð á hverju skipi skal ekki nema meiru en 300 milljónum og mun ríkið greiða allt að helmingi kostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hyggst heimila neysluskammta

STJÓRNMÁL Frumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um afgangspavæðingu neysluskammta á vímuefnum var birt í samráðsgátt stjórnvalda í gær. Í frumvarpsdrögum, sem eru á þingmálaskrá ráðherra, eru gerðar breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni.

» Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt mun lögregla ekki geta gert neysluskammta upptæka.

Samkvæmt nógildandi lögum er varsla efna óheimil og refsiverð, er því breytt í frumvarpsdrögum. Verður það ráðherra að ákveða hvaða magn af hverju vímuefni teljist neysluskammtur með reglugerð. Þá verður lögreglu óheimilt að gera neysluskammta upptæka ef þeir eru í vörslu einstaklinga yfir 18 ára aldri. – ab

Of stressuð til að elda pöntuðu pítsuveislu

Fjölskylda Kristjáns Arnar Kristjánssonar kom saman til að horfa á leik Íslands og Marokkó á HM í handbolta. Móðirin var of stressuð til að elda eitthvað gott og pabbinn segist vera hlutdrægur en vildi fá guttann fyrr inn á.

HANDBOLTI Kristján Örn Kristjánsson, landsliðsmaður í handbolta, skoraði sín fyrstu mörk á stórmóti þegar Ísland vann Marokkó á HM í handbolta sem nú stendur yfir í Egyptalandi. Kristján, sem yfirleitt er kallaður Donni, kom af þekktum undir lokin og skoraði tvö mörk. Hann er fimmti nýliði Íslands á mótinu.

Heima á Íslandi fagnaði fjölskylda hans innkomunni og mörkunum af innlifun með pítsuveislu yfir leiknum. „Þetta var frábær tilfinning. Fjölskyldan var öll að horfa og þó við höfum verið orðin frekar óþolinmód að biða eftir honum hlaupa inn á völlinn var þetta skemmtilegt. Við erum auðvitað bullandi hlutdræg en við vildum fá hann fyrr inn á,“ segir Kristján Gaukur Kristjánsson, faðir Donna, stoltur.

Hann sló svo á þráðinn til Egyptalands til að heyrna hljóðið í syninum. „Hann var ljómandi kátur. Ég var búinn að tala við hann líka aðeins fyrir og hann var rólegur í tíðinni. Ég var eitthvað að suda í honum að hann ætti að vera þarna inn á, þá svaraði hann: Pabbi, það er nóg af leikjum. Hann er ekkert að stressa sig og bíður rólegur eftir sínum tækifærum.“

Kristján segir að Donni hafi verið ofboðslega heppinn með þjálfara í gegnum feril sinn. Í Fjölni hafi Ragnar Hermannsson tekið hann upp á sína arma í fjórða flokki. Boris Bjarni Akbachev tók síðan við honum, en Boris bjó til marga af bestu leikmönnum Vals. Hjá ÍBV var hann undir stjórn Erlings Richardssonar og í Frakklandi þar sem hann er núna atvinnumaður hjá Pays d'Aix UC stýrir Thierry



Fjölskyldan saman á landsleik þegar enn mátti mæta á leiki. MYND/ADSEND



Viggó Kristjánsson sem var valinn maður leiksins og Kristján Örn eftir leikinn. MYND/HANDBOLTI.IS

Anti. „Hann hefur verið heppinn að lenda undir stjórn manna sem eru miklir handboltanörðar og góðir kennarar.“

Donni er rólegur að eðlisfari. Ég man eftir að einu sinni var hann að spila við Stjörnuna í fimmta

flokki. Það var eitthvað verið að öskra á hann og kalla og Donni var ekki sáttur. Á leiðinni heim sagði ég að eina leiðin til að þagga niður í svona fólki væri að vinna leikinn. Hann þurfti ekkert að heyrna það nema einu sinni. Hann er ekkert að einbeita sér að einhverju sem hann ræður ekki við, heldur því sem gerist inni á vellinum.“

Kristján segir að mamma Donna, Maliwan Phumipratan, hafi pantað pítsuveislu, enda væri hún ekki að fara að elda þegar guttinn væri að spila í fyrsta sinn á stórmóti. „Maður fylgist með öllu þegar er stórmót í handbolta og vill að allir standi sig vel. Við höfum náð að horfa á flestalla leikina í Frakklandi og mamma hans getur nú ekki alltaf horft. Hún verður svolítið stressuð,“ segir Kristján stoltur af guttunum. benediktboas@frettabladid.is

Alt fyrir afmælið!

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

20-70% AFSLÁTTUR



Cadence FM
Queen size rúm 153cm
20% afsláttur
Útsöluverð **195.360 kr.**
Verð áður 244.200 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Corinna rúm 160cm
30% afsláttur
Útsöluverð **114.800 kr.**
Verð áður 164.000 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Poppy stök dýna 160cm
70% afsláttur
Útsöluverð **9.552 kr.**
Verð áður 31.840 kr.
Stök dýna

Mikið úrval. Gerðu frábær kaup

Stefnir í oddvitaslag á Suðurlandi fyrir komandi kosningar

STJÓRN MÁL Töluverð spenna ríkir um framboðslista Miðflokksins í Suðurlandkjördæmi fyrir komandi kosningar og talið er að í það minnsta tveir muni bítast um oddvitasætið í prófkjöri. Birgir Þórarinnsson leiddi flokkinn árið 2017 en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Karl Gauti Hjaltason, sem kom úr Flokki fólksins, hug á að leiða listann. Fleiri eru sagðir áhugasamir um framboð, þá helst Hallfríður G. Hólmgímsdóttir, varaformaður

kjördæmisfélagsins, og Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi í Árborg. Enginn úr núverandi þingliði hefur lýst því yfir að ætla að hætta á þingi og enginn er talinn líklegur til þess. Flokkurinn þarf að ná um 15 prósentu kosningu til að halda öllum sínum níu mönnum.

Óruget er talið að formaðurinn Sigmundur Davíð leiði í Norðausturkjördæmi en barátta gæti orðið um annað sætið. Þar situr nú Anna Kolbrún Árnadóttir en henni gæti

» Enginn úr núverandi þingliði er talinn líklegur til að hætta.

borist samkeppni frá hinum þingeykska varaþingmanni Þorgrími Sigmundssyni. Gert er ráð fyrir að aðalfundur verði í febrúar eða mars og þá verði valið í kjörnefnd. Tveir þingmenn hafa þegar til-

kynnt um framboð, Þorsteinn Sæmundsson og Ólafur Ísleifsson, báðir í Reykjavíkurrkjördæmunum. Ekki er gert ráð fyrir öðru en að Gunnar Bragi Sveinsson sækist áfram eftir oddvitasæti í Suðvesturkjördæminu.

Innan úr flokknum heyrast óánægjuraddir um skort á konum og yngri fólki til að leiða listana, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, sem eru þó ekki enn meitlaðir í stein. Hefur nafn Nönnu Margrétar

Sigmundsdóttur, systur formannsins, verið nefnt til að leiða einn af listunum. Einnig hefur verið skorað á Vigdís Hauksdóttur að færa sig aftur í landsmálin en hún hefur sagst vilja leiða lista Miðflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum.

Í Norðvesturkjördæmi er gert ráð fyrir uppstillingu og er ferlið komið lengst af stað þar. Ólíklegt er talið annað en að þingmennirnir Bergþór Ólason og Sigurður Páll Jónsson verði í tveimur efstu sætum. – khg

Hægt að reka ríkisstofnun fyrir fjármagnið

STJÓRN MÁL Ráðuneyti og undirstofnanir þeirra vörðu minnst 270 milljónum króna í upplýsingaulltrúa í fyrra. Þetta kemur fram í svörum ráðuneyta við fyrirspurnum Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns Miðflokksins. Ekki eru komin svör frá fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.



Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins

„Ég hef velt því lengi fyrir mér hvort það þurfi í raun að vera með upplýsingaulltrúa í öllum ráðuneytum og mörgum stofnunum, mér er ekki alveg ljóst hvað þeir gera,“ segir Þorsteinn.

Hyggt hann leggjast yfir svörin og kanna hvort grundvöllur sé fyrir frekari fyrirspurnum. Segir hann þetta snúast um forgangsröðun í ríkisrekstri. „Það væri hægt að reka litla ríkisstofnun fyrir það fé sem rennur í þetta.“ – ab

Synja beiðni um samninga

STJÓRN MÁL Heilbrigðisráðuneytið hefur synjað beiðni Gunnars Braga Sveinssonar, þingmanns Miðflokksins, um aðgang að samningum íslenska ríkisins við lyfjaframleiðendur um kaup á bóluæfni við COVID-19. „Það er hreint með ólíkindum en auðvitað mun ég fylgja því eftir,“ segir Gunnar Bragi.

Ráðuneytið segir erindið falla undir takmarkanir á upplýsingarétti, hefur honum verið bent á að leita til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. „Sem þjóðkjörinn þingmaður tel ég mig eiga rétt á að fá þessar upplýsingar,“ segir hann. – ab

Stórtæk könnun á stöðu og líðan kynja á vinnustöðum

Kynin og vinnustaðurinn er nýtt samstarfsverkefni þar sem staða og upplifun fólks af vinnustöðum verður skoðuð með tilliti til kyns. Verkefnið mun fara fram árlega svo hægt verði að sjá til lengri tíma lítið hvort breytingar séu að eiga sér stað innan vinnustaða. Umfangið verður svo víkkað með tímanum.

JAFNRÉTTISMÁL Samstarfsverkefnið Kynin og vinnustaðurinn var kynnt í Háskóla Íslands í gær. Um er að ræða könnun þar sem staða, upplifun og líðan starfsfólks í fyrirtækjum verður skoðuð og hvort þar megi greina mun eftir kyni. Að verkefninu koma Viðskiptaráð, Empower, Gallup og Háskóli Íslands.

„Ef horft er á kynjahlutfall stjórnenda á vinnumarkaði þá sést að það hallar mjög á konur þar,“ segir Þórey Vilhjámsdóttir Proppé, stofnandi og meðeigandi Empower. „Tölurnar endurspeglar til dæmis ekki brautskráningar úr háskóla en þar hafa konur verið að útskrifast jafnmargar ef ekki fleiri en karlar í einhver tuttugu ár.“

Verkefnið fer fram með tvenns konar móti. Annars vegar verður spurningalisti lagður fyrir starfsfólk í um 200 fyrirtækjum sem eiga aðild að Viðskiptaráði. Þar verður líðan og upplifun fólks af vinnustöðum skoðuð með sérstöku tilliti til kyns.

Þá verður staða kynjanna í stjórnunarlegum fyrirtækjanna einnig tekin saman til þess að miðla því hvort og þá hvernig halli á eftir kynjum.

„Við erum að skoða þrjú lög – forstjóra, framkvæmdastjórn og millistjórnendur,“ segir Þórey. „Við vildum hafa einn stað þar sem allir geti skoðað hvernig kynjaskiptingin sé í stjórnunarlegum á Íslandi og hver þróunin er á milli ára.“

Verkefnið mun fara fram árlega svo hægt verði að sjá hvort breytingar eigi sér stað til lengri tíma lítið. „Ég hef þjargfasta trú á því að þegar við byrjum að greina þetta og sjáum



Að samstarfsverkefninu koma Empower, Háskóli Íslands, Gallup og Viðskiptaráð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvað er að, þá muni þetta vonandi breytast til batnaðar,“ segir Þórey. „Það sem við þekkjum, því getum við breytt.“

Þótt enginn tímarammi sé á verkefninu segir Þórey að þetta sé langtímaværkefni sem verði útvíkkað eftir því sem á líður til að skoða aðrar breytur sem hafa áhrif á fjölbreytni. „Ein augljós breyta í framtíðarsýninni er til dæmis að kanna þessa þætti út frá uppruna. Markmiðið er að vinnustaðamenningin ýti undir

Fólk er farið að gera miklu meiri kröfur um vinnustaðinn sinn í dag en áður.

Þórey Vilhjámsdóttir Proppé, stofnandi og meðeigandi Empower



fjölbreytni þannig að við hámarkum velliðan og árangur teyma.“

Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á opnum fundi í maí og með kynningarátaki. „Ég býst ekki við neinu öðru en að þetta fái góð viðbrögð,“ segir Þórey. „Ég hef séð það í starfi mínu hjá Empower að það er mikill áhugi fyrir að auka fjölbreytileika. Fólk er farið að gera miklu meiri kröfur um vinnustaðinn sinn í dag en áður.“

arnartomas@frettabladid.is

Ég á auðveldara með að kynnast krökkum

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefjast:

- 10 til 12 ára 23. jan. 10.00–13.00 8 skipti á laugardögum
- 10 til 12 ára 10. feb. 17.00–20.00 8 skipti með viku millibili
- 13 til 15 ára 19. jan. 17.00–20.30 8 skipti með viku millibili
- 13 til 15 ára 8. feb. 17.00–20.30 8 skipti með viku millibili
- 16 til 19 ára 21. jan. 18.00–22.00 8 skipti með viku millibili
- 16 til 19 ára LIVE ONLINE 1. feb. kl 18.00–21.00 8 skipti vika á milli
- 20 til 25 ára 20. jan. 18.00–22.00 8 skipti með viku millibili
- 20 til 25 ára 11. feb. 18.00–22.00 8 skipti með viku millibili
- 20 til 25 ára 4. feb. LIVE ONLINE kl 18.00–21.00 með viku millibili

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypís kynningartími dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie

GÓLFEFNA ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

*Gildir frá verðlistaverði



 **ALFABORG**
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is





Bifreiðar bíða eftir tollafgreiðslu.

Seldu fleiri bíla í desember

VIÐSKIPTI Sala á bílum glæddist um 37 prósent í desember árið 2020 saman borð við desember árið áður, það er 804 skráningar samanborið við 587. Bílasala á árinu minnkaði hins vegar um rúmlega 20 prósent, það er 9.369 seldir bílar miðað við 11.723 árið 2019.

Bílasala minnkaði um tugi prósent í öllum Evrópulöndum á árinu nema Noregi þar sem hún stóð næstum í stað. Í Bretlandi, á Spáni og Ítalíu hrapaði hún um 30 prósent, 25 prósent í Frakklandi og 20 í Þýskalandi. Hið sama gildir um Bandaríkin þar sem bílasala hrapaði um 20 prósent en talið er að það taki nokkur ár að vinna það upp.

Þrátt fyrir minnkandi sölu hefur verið ekki lækkað, heldur þvert á móti. Samkvæmt Wall Street Journal hefur hagstæð fjármögnun, lækkaði eldsneytisverð, minni framleiðsla og meiri eftirspurn eftir stærri og dýrari bílum ýtt verði upp í nýjar hæðir. – khg



Frá Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Skrá vitnisburði vegna aurskriðu

SEYÐISFJÖRÐUR Ráða á mann til að taka viðtöl við fólk sem var á hamfarasvæðinu utan Búðarár á Seyðisfirði og varð vitni að því er aurskriða féll á bæinn 18. desember síðastliðinn.

Byggðaráð Múlaþings sem með ákvörðun um þetta samþykkti bókun heimastjórnar Seyðisfjarðar segir megintilgang verkefnisins meðal annars vera þann að fá fram upplýsingar er gagnast við vinnu við að finna lausnir á vörnum til framtíðar. Heimastjórn Seyðisfjarðar á að hafa umsjón með framkvæmd verkefnisins. – gar

Segir frumvarp ekki aðför að tjáningarfrelsi

STJÓRNMÁL Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir frumvarp sitt um bann við afneitun helifarinnar ekki vera aðför að tjáningarfrelsi.

„Líkt og kemur fram í greinargerðinni þá er kveðið á um það í stjórnarskránni að heimilt er að takmarka tjáningu þegar um

» Tuttugu og eitt land í heiminum er með lög sem banna afneitun helifarinnar.

hatursorðræðu er að ræða. Síðustu eitt til tvö árin höfum við séð ógnvænlega þróun í hatursglæpum gegn gyðingum, múslimum, trúarhópum og minnihlutahópum, sérstaklega í Frakklandi og Þýskalandi.

Mörg Evrópuríki hafa bannað að afneita helförinni og ég tel að

við þurfum að vera hluti af þeirri þróun,“ segir Rósa Björk.

„Ástæðan fyrir því að ég legg fram þetta frumvarp er einnig þeir atburðir sem urðu í Bandaríkjunum 6. janúar, þar sem hægri öfgamenn ruddu sér leið inn í þinghúsið. Margir þeirra voru klæddir fatnaði með gyðingahatri.“ – þp

Fordæmalaus öryggisgæsla við innsetningu Joe Biden

Aldrei fyrr hefur öryggisgæsla verið jafn mikil við innsetningu Bandaríkjaforseta og nú. Tugþúsundir þjóðvarðliða eru í Washingtonborg og fjölmörgum götum hefur verið lokað. Biden mun flytja ávarp um brýnustu málefni stjórnar sinnar, en búist er við að fjölmörgum tilskipunum Trumps verði snúið við.

BANDARÍKIN Joe Biden verður svarinn í embætti 46. forseta Bandaríkjanna klukkan 17 í dag, eða 12 að staðartíma, við þinghúsið í Washington. Kamala Harris verður einnig svarin í embætti varaforseta. Árásin á þinghúsið þann 6. janúar og heimsfaraldurinn munu setja mark sitt á athöfnina og þegar eru komnir 25 þúsund þjóðvarðliðar til borgarinnar til að standa vörð.

Stórum hluta borgarinnar hefur verið lokað fyrir bílaumferð og miklar takmarkanir ríkja á öðrum. Þrettán neðanjarðarlestarstöðvum hefur verið lokað og fjölda opinberra bygginga í nálægð við þinghúsið.

Muriel Bowser, borgarstjóri Washington, og ríkisstjórnar nærliggjandi ríkja Virginíu og Maryland hvöttu fólk til þess að koma ekki til borgarinnar þennan dag til þess að fylgjast með innsetningaráthöfninni.

Biden hefur sagst vilja að innsetningaráthöfnin verði sú fámennasta í sögunni. Í ljósi faraldursins, sem fellt hefur nærri 400 þúsund Bandaríkjamenn, væri æskilegt að fólk kæmi ekki saman í stórum hópum. Ímar þetta vel við kosningabaráttu Bidens sem var hófstíllt með fáum fjöldasamkomum. Í ljósi hertrar öryggisgæslu mun Biden verða að ósk sinni. Honum verður einnig að ósk sinni um að hafa athöfnina utandyra eins og þær hafa verið hingað til, en þrýst var á hann að hún yrði innandyra.

Áhorfendur heima í sófa munu þó fá eitthvað fyrir sinn snúð, en við athöfnina og á sérstökum viðburði eftir hana munu meðal annars koma fram poppstjórnnar Lady Gaga, Jennifer Lopez og Justin Timberlake, sem og hinir alþýðlegu söngvarar Bruce Springsteen, Jon



Hermenn í átjándu aldar búningum æfa sig fyrir innsetningaráthöfnina sem fram fer í dag. FRÉTTABLAÐID/EPA

» 25 þúsund þjóðvarðliðar gæta friðar við innsetningaráthöfnina.

Bon Jovi og Garth Brooks.

Löggæslu- og varnarmálayfirvöld í Bandaríkjunum hafa legið undir ámæli vegna þess hversu auðvelt það reyndist stuðningsmönnum Donalds Trump, fráfarandi forseta, að komast inn í þinghúsið og valda þar usla, sem endaði með því að fimm létust. Þetta á ekki að endurtaka sig núna og hver einasta ábending um ófrið er grandskoðuð. Því af umræðu á samfélagsmiðlum að

dæma má ætla að hópar hægri öfgamanna reyni að trufla viðburðinn. Þann 6. janúar voru sterkar vísbendingar um að hluti af löggæslulíði þinghússins hefði hleypt múgnum inn og jafnvel aðstoðað. Alríkislögreglan, FBI, hefur nú kannað bakgrunn hvers einasta þjóðvarðliða til þess að hið sama gerist ekki aftur.

Donald Trump hefur lýst því yfir að hann verði ekki viðstaddur innsetninguna og Joe Biden hefur sagt það heillavænlegt. Trump mun fljúga heim til Flórída um morguninn. Síðasti forseti til þess að mæta ekki á innsetningaráthöfn var Andrew Johnson árið 1869. Margir hafa líkt Trump og Johnson

saman, en báðir voru þeir ákærðir til embættismissis af fulltrúadeild þingsins. Þrjú fyrri forsetar verða hins vegar viðstaddir, þeir Barack Obama, George W. Bush og Bill Clinton. Einnig varaforsetinn Mike Pence.

Við athöfnina mun Biden halda ávarp þar sem hann mun meðal annars ræða brýnasta verkefnið, aðgerðir til að takast á við faraldurinn og efnahagslegar afleiðingar hans. En búist er við að Biden muni strax á fyrstu dögnum snúa fjölmörgum öðrum tilskipunum forvera síns við, er lúta að loftslagsmálum, jafnréttismálum og alþjóðlegu samstarfi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Stór hluti þjóðvega stenst ekki kröfur

SAMGÖNGUR Aðstæður í Skötufirði, þar sem kona og ungt barn hennar létust eftir að bíll þeirra hafnaði í sjónum, voru þannig að ekkert vegrið var milli vegarins og sjávar.

„Vegagerðin leggur mikla áherslu á umferðaröryggisáðgerðir, bæði á þekktum slyasstöðum en einnig á stöðum þar sem ekki hafa orðið slys en ljóst að mjög illa myndi fara ef slys yrði. Stór hluti vegakerfisins uppfyllir ekki þær kröfur um öryggi sem gerðar eru til nýrra vega,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsinga- og vegagerðarinnar.

Hann segir að að á tæplega 120 kílómetra kafla á Djúpvegi, milli Mjóafjarðarveggar og Flugvallarveggar í Skutulsfirði, hafi verið metið árið 2013 að vantaði 75 til 80 kílómetra af vegriðum. Fyrir allmörgum árum hafi þörfin á landsvísu verið allt að 450 kílómetrar, þar af 40 prósent á Vestfjörðum. Ýmislegt hafi þó gerst síðan.

» Mikið er enn óunnið.

G. Pétur Matthíasson, upplýsinga- og vegagerðarinnar



Uppsett vegrið eru sögð kosta um tólf milljónir á hvern kílómetra.

sem fjárveitingar leyfa og hættulegustu staðirnir verða í forgangi, hér eftir sem hingað til.“

Þá segir G. Pétur að gera megi ráð fyrir að uppsett vegrið kosti um 12 milljónir á kílómetra. Fjárveitingar til umferðaröryggisáðgerða á landsvísu hafi verið 500 milljónir á ári þar til á síðasta ári þegar aukning hafi orðið og 650 milljónir fengist til verkefnisins. – gar

Alt fyrir afmælið!

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

30% afsláttur af sóttum pizzum alla miðvikudaga ef pantað er á netinu

Höfum opnað
í Lágmúla 7

Pantaðu
á netinu
castello.is

Castello
PIZZERIA

Hamborgarar Stakur Máltíð*

Hamborgari 140 g kjöt, gúrka, laukur, tómatar, kál, Castello hamborgarsósa	1350	1950
Ostborgari 140 g kjöt, ostur, gúrka, rauðlaukur, tómatar, kál, Castello hamborgarsósa	1450	2050
Parma borgari 140 g kjöt, beikon, gúrka, sósa, rauðlaukur, kál, klettasalat, parmesan, Castello hamborgarsósa	1750	2290
Beikon borgari 140 g kjöt, Castello hamborgarsósa, kál, tómatar, grillaður laukur, beikon, BBQ sósa	1850	2390
Lux borgari 140 g kjöt, Castello hamborgarsósa, gúrka, kál, grilluð paprika, grillaður laukur, cheddar ostur	1850	2390
Barnaborgari 90 g kjöt, kál, tómatsósa	990	1350

*Máltíðum fylgja franskar og 0,5 l gos / svali fylgir barnaborgara

Kebab Stakur Máltíð*

Durum Kebab m/kjúkling Kebab jógurtsósa, hvítlaukssósa, chilisósa, iceberg, gúrka, tómatar, rauðlaukur	1590	2090
Durum Kebab m/lambakjöti Kebab jógurtsósa, hvítlaukssósa, chilisósa, iceberg, gúrka, tómatar, rauðlaukur	1590	2090
Byryani Kebab m/lambakjöti eða kjúkling Kebab jógurtsósa, hvítlaukssósa, chilisósa, gular baunir, iceberg, kál, tómatar, rauðlaukur, hrísgrjón	1650	2150
Kebab m/lambakjöti Kebab jógurtsósa, hvítlaukssósa, chilisósa, kál, gúrka, tómatar, rauðlaukur	1590	2090
Kebab m/kjúkling Kebab jógurtsósa, hvítlaukssósa, chilisósa, kál, gúrka, tómatar, rauðlaukur	1590	2090

*Máltíðum fylgja franskar og 0,5 l gos

Auka álegg

Kjöt (Hamborgarar) 500 kr.	Ostar 300 kr.
Kjöt (Kebab+Durum) 600 kr.	Grænmeti 200 kr.

Heimsendingartilboð

Miðstærð af pizzu með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 1 l. Coke 3990 kr.



Stór pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2 l. Coke 4790 kr.



Hádegisartilboð

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum og Coke í dós 1990 kr.



Lítill pizza með 3 áleggstegundum og Coke í dós 1690 kr.



Sótt tilboð

Stór pizza af matseðli og stór margarita eða hvítlauksbrauð 4890 kr.



Stór pizza með 2 áleggstegundum 2290 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2 l. Coke 4980 kr.



Kryddbrauðspizza (sósa fylgir með) 2390 kr.



Kjúklingavængir (sósa fylgir með) 1090 kr.



Castello
PIZZERIA

577 3333

DALVEGUR 2 – 201 KÓPAVOGUR • LÁGMÚLI 7 – 108 REYKJAVÍK
DALSHRAUN 13 – 220 HAFNARFJÖRÐUR

Andað léttar



Adalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Valdatíð Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, lýkur klukkan 17 í dag að íslenskum tíma.

Joes Biden bíður það erfiða verkefni að leiða bandarísku þjóðina saman eftir fjögurra ára ófrið og oreiðu. Hann mun þurfa að leita jafnvægis milli þess að stilla til friðar milli stríðandi fylkinga og hins, að rannsaka og upplýsa um þá brotastarfsemi sem forsetinn og hans fólk virðist hafa stundað og draga þau til ábyrgðar.

Það er þekkt herkænsla að sá sem vinnur orrustu skuli ganga úr skugga um að hann hafi reitt höggð til fulls og andstæðingurinn eigi ekki afturkæmt.

Samkvæmt nýrri könnun segjast 55 prósent Repúblíkana munu styðja Donald Trump í forkosningum, verði hann í kjöri aftur 2024. Þótt stuðningur við hann hafi fallið um 16 prósent síðan í desember er ljóst að fráfarandi forseti er fjarri lagi dauður úr öllum æðum og gæti allt eins unnið stríðið þótt þessi orrusta hafi tapast. Afstaða herskára Demókrata, sem vilja fara gegn Trump, starfsliði hans og fylgdarliði, er því skiljanleg, enda verða óteljandi afgang og embættisbrot forseta frá fyrri tíð hjákátleg í samanburði við það sem nú hefur gengið á.

Ímynd Bandaríkjanna út á við mun óumflýjanlega styrkjast eða veikjast eftir því hvernig nýjum valdhöfum gengur að ná áttum innanlands og byggja aftur þær brýr til alþjóðasamfélagsins sem brotnar hafa verið í spón með tilheyrandi tjóni fyrir heimsbyggðina.

Til lengri tíma felst stærsta áskorunin ekki síst í því að endurreisa vægi sannleikans í þjóðfélagsumræðunni. Það verkefni verður þó ekki nema að takmörkuðu leyti í höndum nýs forseta. Við verðum þó að vona að rykið verði dustað af þeirri eðlilegu kröfu að leiðtogi hins frjálsa heims fari alla jafna með rétt mál og ljúgi ekki bókstaflega öllu sem hann segir. Og að sama krafa verði í auknum mæli gerð til fjölmiðla.

Vandaðir fjölmiðlar vestanhafs geta sannræga varið kröftum sínum í annað en endalausar og lýjandi leiðréttingar á rangfærslum valdhafa. Til dæmis í að miðla réttum upplýsingum til borgaranna um stöðu mála innanlands og um allan heim.

Erfiðara getur reynst að takast á við afleiðingarnar af þeim flaumi lyga og samsæriskenninga sem runnið hefur upp úr fráfarandi forseta undanfarin fjögur ár. Valdatíð Donalds Trump hefur sýnt hvernig hægt er að afvegaleiða almenning í landi sem hefur yfir að ráða öflugustu fjölmiðlum í heimi. Viðleitni þeirra til að miðla réttum upplýsingum hefur farið fyrir ofan garð og neðan hjá tugum milljóna manna og sá heilabvottur sem ljósti hefur í Bandaríkjunum undanfarin ár hefur dreifst víða um heim.

Einn vandi sem fjölmiðlar standa frammi fyrir er að Biden er óneitanlega frekar óspennandi forseti og hætt við að lestur og áhorf hrynji þegar Donald Trump hverfur af sjónarsviðinu. Því fylgir væntanlega fækkan áskrifenda og áhorfenda þeirra miðla sem meta sannleika og upplýsingar meira en aulagrín og kjanahroll.

Halldór



Frá degi til dags

Bara MAGA

Búsetuáform við Bræðraborgarstíg, sprottin af hugmyndafræðinni Baba Yaga, hafa vakið athygli. Samkvæmt þeim verða íbúar að deila sameiginlegri sýn um feminisma og sjálfbæra þróun. Ekki eru allir jafn hrifnir og stendur nú til að finna stað fyrir könnuð karlpunga sem mótvægi, byggða á hugmyndafræðinni Bara MAGA, helst við Síðumúla eða á Höfða. Munu umsækjendur þurfa að sýna fram á flokksskirteini í Miðflokki eða Samtökum eldri Sjálfstæðismanna, hafa virka Moggabloggsíðu og mega ekki hafa vegabréfsritun utan Íslands og Tenerife. Í kjarnanum verður dísiloliupumpa, kjötsjálfsali og vitaskuld heitur pottur. Húsfélagsgjöldin verða hins vegar nokkuð há enda verður múr reistur í kringum byggðina á næstu fjórum árum.

Skjaldarmerkið

Sveitarfélagið Drekaþyggð, sem ákvað í leiðindakasti að heita frekar Múlaþing, er komið í bobba vegna nýja skjaldarmerkisins síns. Mun það vera sama merki og hjá þítsustaðum Slæs í Garðabæ. Málið kom upp á Alþingi í gær þegar sveitarstjórnarráðherra vitnaði í skýrslu sem sænskir sérfræðingar unnu þegar skipt var yfir í hægri umferð, var sú skýrsla einmitt styrkt af Slæs en ruglast mátti á því og Drekaþyggð.

Yfirvöld bera ábyrgðina



Dóra Björt Guðjónsdóttir formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs borgarfulltrúa Pírata

Loftslagsvandinn sprettur upp úr ákvarðanatöku hins opinbera. Styrkjum, fjárfestingum, skipulagi samfélagsins. Stjórnvöld bera stærstu ábyrgðina þó framlag einstaklinga geti haft mikil áhrif. Það er ekki bara hvað yfirvöld ákveða að gera sem skiptir máli heldur líka hvað þau ákveða að gera ekki. Þegar tekin var ákvörðun um að gera Reykjavík að bilaborg var í raun samhliða tekin ákvörðun um að byggja ekki upp öflugar almenningssamgöngur. Loftslagsvandinn sprettur upp úr ákvarðanatöku hins opinbera en það geta lausnir líka gert. Á fundi borgarstjórnar á þriðjudag var ný loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar kynnt.

Hér eru lagðar til lausnir eins og að fletta upp malbiki og draga úr umfangi akreina, að almenningssamgöngur verði lausar við jarðefnaeldsneyti 2025, að fjármunir sem fara í vegasamgöngur verði jafnaðir með fjármunum fyrir innviði fyrir gangandi og hjólandi, að ný hverfi verði umhverfisvottuð, að rækta stóra loftslagskóga, að endurheimta um 60% af votlendi fyrir árið 2040 og síðast en ekki síst að líta inn á við og meta hvernig við getum styrkt stjórnsýslu borgarinnar í loftslagsbaráttunni með tilliti til ábyrgðar og framfylgd verkefna. Þetta eru örfá dæmi.

Loftslagsvandinn er ekki tilviljunum háður. Hann var skapaður, meðvitað og ómeðvitað. Hér er loftslagsáætlun sem snýst einmitt um að taka meðvitaða ákvörðun um að koma okkur á réttan kjól. Um meiri náttúru og minna malbik. Meiri borg fyrir fólk. Við ætlum ekki að sitja og bíða og vona að aðgerðirnar hitti í mark heldur mæla árangurinn árlega til þess að geta brugðist við ef ástandið sýnir að gefa þurfi í. Við setjum stefnuna hátt, öflum gagna, metum og endurskoðum.

Verkefnið er það flókið að við verðum að leysa það í sameiningu með nýsköpun og samvinnu. Í þessari nýju loftslagsáætlun voru markmiðin mótuð eftir útreikningum sérfræðinga og hlustað var á óskir almennings um auknar aðgerðir. Almennur var fenginn að borðinu sem skilaði mörgum góðum tillögum. Núna er það yfirvalda, okkar í borgarstjórn, að framkvæma.



Til lengri tíma felst stærsta áskorunin ekki síst í því að endurreisa vægi sannleikans í þjóðfélagsumræðunni.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Samtalsmeðferð félagsráðgjafa



Ingibjörg Þórðardóttir
félagsráðgjafi og eigandi Hugrekis, ráðgjafar og fræðslu



Vert er að hafa í huga að meðferðarsamband milli fagaðila og skjólstaðings virðist hafa besta forspárgildið um útkomu meðferðarinnar!

Nú liggur fyrir að ekki hefur verið tryggt fjármagn til þess að framfylgja nýsamþykktum lögum um að fella sálfræðisþjónustu og aðra gagnreynda samtalsmeðferð heilbrigðisstarfsmanna undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Þetta er alvarlegt mál og til þess fallið að valda auknum kostnaði á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustu í bráð og lengd – því það er ljóst að mikil þörf er á þjónustu sem fólgin er í samtalsmeðferð sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Biðlistar, fjársveiti og takmörkuð þjónusta verða til þess að fólk kemst oft ekki að fyrr en vandinn hefur stigmagnast og úrlausnir verða því dýrari, umfangsmeiri og tímafrekari en þegar fólk hefur tök á að leita sér aðstoðar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna á fyrri stigum. Ástandið í samfélaginu árið 2020 hefur líka haft þær afleiðingar að þörfin mun aukast til muna næstu misseri og því nauðsynlegt að tryggja aðgengi að margvíslegri þjónustu fyrir fólk.

Félagsráðgjafar eru ein þeirra stétta sem veita gagnreynda samtalsmeðferð og hafa þeir til þess bæði viðtæka þekkingu, menntun og reynslu. Nám þeirra er fimm ára háskólanám þar sem grunnmenntun inniheldur meðal annars kenningar um sálgreiningu, kenningar um lausnamiðaða meðferðarnálgun, hugræna og atferlismiðaða nálgun. Í náminu er fjallað um heilastarfsemi og taugaþöð og hvaða áhrif slík starfsemi líkamans hefur á andlega líðan fólks, greiningaviðmið DSM og ICD og einkenni geðrænna vandamála og geðraskana. Ítarlega er farið í gegnum þroskaferli og kenningar um tengslamyndun og hvaða áhrif það hefur á heilsufar þegar tengsl rofna, eða ná ekki að þróast á viðeigandi hátt. Nú er aukin áhersla á mikilvægi tengslamyndunar barna fyrstu æviárin og liggur fyrir fjöldi rannsókna um áhrif hennar á framtíðarferni barna hvað varðar samskipti, heila- og taugastarfsemi og andlega líðan. Í náminu er einnig rýnt í ýmsar aðferðir samtalsmeðferðar – og þar á meðal fjallað um mikilvægi meðferðarsambandsins. Verðandi félagsráðgjafar læra

um rannsóknir, kosti og galla mismunandi rannsóknaraðferða og hvernig ber að lesa þær og túlka. Þá hefur Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands verið í fararbroddi þegar kemur að kennslu um ofbeldi, þar með talið heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og áhrif þess á líðan fólks til skemmri og lengri tíma.

Að loknu grunnnámi læra félagsráðgjafar um áföll og kreppukenningar, vinnuáðferðir með börnum og fjölskyldum, hópvinnu og -meðferð og kafa dýpra í rannsóknir og túlkningar þeirra, auk starfsnáms undir handleiðslu reynds félagsráðgjafa. Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og eingöngu þeir sem hafa til þess leyfi landlæknis, geta kallað sig félagsráðgjafa. Nám í félagsráðgjöf byggir á gagnreyndum aðferðum og býr verðandi félagsráðgjafa undir það að vinna með skjólstaðingum í ýmsum aðstæðum. Margir félagsráðgjafar vinna meðferðarvinnu á stofu og hafa flestir þeirra bætt við sig sérþekkingu á því sviði, svo sem EMDR, fjölskyldufræði, TRM, HAM og lausnamiðaða nálgun. Allir sjálfstætt starfandi félagsráðgjafar hafa leyfi frá landlækni til að reka eigin stofu og þurfa til þess að uppfylla ákveðin skilyrði og fylgja lögum og reglum um slíka starfsemi.

Meðferðarleiðir í heiminum skipta hundruðum, margar þeirra eru gagnreyndar og ýmsar fagstéttir eru hæfar til meðferðarvinnu. Ein leið hentar ekki öllum og því þarf fagfólk að geta valið ólíkar leiðir og skjólstaðingar eiga líka að geta valið fagaðila og meðferðarleið sem hentar þeim. Vert er að hafa í huga að meðferðarsamband milli fagaðila og skjólstaðings virðist hafa besta forspárgildið um útkomu meðferðarinnar!

Að lokum vil ég skora á stjórnvöld að tryggja fjármagn í það mikilvæga verkefni að niðurgreiða samtalsmeðferð heilbrigðisstarfsmanna og koma þar með til móts við þá miklu þörf sem er í samfélaginu fyrir slíka þjónustu!

Fullorðinsfræðsla sem áhrifaafli í íslensku samfélagi



Helgi Þ. Svavarsson
formaður Leiknir

Á Íslandi er í dag starfandi öflug fullorðinsfræðsla sem hefur það hlutverk að uppfylla þörf fullorðinna fyrir sí- og endurmenntun. Með fullorðinsfræðslu er átt við óformlegt nám, það er nám sem á sér stað utan hins hefðbundna skólakerfis, fyrir einstaklinga sem orðnir eru 18 ára og eldri. Í flestum tilfellum er slíkt nám ekki metið til eininga heldur er fyrst og fremst fræðsla til að auka hæfni, þekkingu eða leikni fullorðinna einstaklinga og bæta þannig við fyrri þekkingu eða reynslu, gera einstaklingum kleift að átta sig betur á eigin hæfni eða fylla upp í gót hæfni og þekkingu sem myndast hafa með tímanum vegna þróunar starfsumhverfis eða samfélagsins. Fullorðinsfræðslan felur í sér framhaldsfræðslukerfið sem er 5. stöðin í íslenska menntakerfinu við hlið leik-, grunn-, framhalds-, og háskóla og er sinnt af símenntunar- miðstöðvum um allt land. Auk þess má nefna símenntun háskólanna, tungumálaskóla, námsflokka, sjálfstætt starfandi fræðsluáðila og fleiri

Eins og gefur að skilja er hér um að ræða mjög fjölbreytta starfsemi. Öll þessi starfsemi miðar að því að efla fullorðna einstaklinga í því sem þeir vilja taka sér fyrir hendur, hvort heldur sem er í tengslum við sjálfsstyrkingu, starfshæfni, breytingu á starfsvettvangi, staðfestingu á eigin hæfni eða tómstundir. Fullorðinsfræðsluáðilar sinna einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum og snerta með einum eða öðrum hætti öll svið íslensks mann- og atvinnulífs, allt frá menntunarúræðum fyrir atvinnuleitendur og upp í þjálfun og leiðsögn fyrir stjórnendur og leiðtoga, allt frá stuttum fyrirlestrum og upp í að raunfærnimeta hæfni og þekkingu einstaklinga á mótí störfum eða námsskrám framhaldsskólanna. Því skiptir miklu máli að hér á landi sé fyrir hendi metnaðarfull og öflug fullorðinsfræðsla.

Gildi öflugrar fullorðinsfræðslu sýnir sig helst þegar skóinn kreppir í samfélögum, líkt og gerist nú. Hið óformlega form fullorðinsfræðslunnar gerir henni kleift að bregðast við þeim þörfum sem upp koma



Gildi öflugrar fullorðinsfræðslu sýnir sig helst þegar skóinn kreppir í samfélögum, líkt og gerist nú.

með skjótum og skilvirkum hætti. Þetta sýndi sig síðast með skýrum hætti í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Þá jókst atvinnuleysi mikið á tímabili og þörf var á að fólk endurmenntaði sig eða byggði sig upp persónulega í kjölfar þess áfalls sem hrúðið var.

Í dag stöndum við aftur frammi fyrir gríðarlegum áskorunum. Heimsfaraldurinn sem nú ríður yfir heimsbyggðina hefur nú þegar haft mikil efnahagsleg og samfélagsleg áhrif. Til viðbótar því að ógna heilsufari virðist hann einnig dýpka þær áskoranir sem heimsbyggðin stóð frammi fyrir, áður en þessi ósköp dundu yfir. Ójöfnuður virðist fara vaxandi, ekki aðeins meðal fólks heldur einnig á milli svæða og landa, sífellt fleiri virðast efast um frjálslýnt lýðræði með því að kjósa flokka sem ala á útlendingahatri og andúð á samvinnu og samstarfi á heimsvísu. Lýðfræðileg samsetning samfélagsins er að breytast – fólk verður eldra en áður og vill þess vegna vera virkt og heilbriggt lengur. Vaxandi notkun stafrænna lausna krefst nýrrar leikni og færni fólks á vinnumarkaði, hins almenna borgara og neytenda. Miklir fólks-

flutningar hafa orðið í Evrópu. Þetta hefur annars vegar leitt til mikils stuðnings frá borgurum Evrópulanda en hins vegar einnig til andstöðu og jafnvel hatursfullra viðbragða gagnrýnenda. Loftslagsbreytingar og önnur umhverfisleg vandamál munu áfram ógna framtíð okkar og krefjast sjálfbærari hagkerfa, lífsstíls og samfélaga.

Með fullorðinsfræðslu má hafa jákvæð áhrif á mörg þessara mála. Hér á Íslandi eru þessar áskoranir misaðkallandi, en engu að síður er mikilvægt fyrir okkur sem samfélag að horfast í augu við þær og bregðast við þeim tímanlega og fagmannlega. Leikn, samtök fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi, vill framsækni og sjálfbært Ísland með auknu jafnrétti þar sem íbúar taka virkan, lýðræðislegan þátt, þar sem fólk hefur leikni og færni til að lifa og starfa á heilbrigðan og virkan hátt og taka þátt í menningarlegu og félagslegu starfi allt frá unga aldri til hárrar elli.

Á þessum erfiðu tímum er það huggun að vita af jafn sterku, óformlegu menntakerfi sem fullorðinsfræðslan er hér á landi. Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi og stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluáðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Það eru því væntingar okkar hjá Leikn að stjórnvöld muni eftir þessu frábæra starfi sem fullorðinsfræðsluáðilar á Íslandi eru nú þegar að sinna og noti krafta þess í því stóra verkefni sem fram undan er.

HAMPBYLTINGIN

Föstudaginn 22. janúar mun sérblaðið Hampbyltingin fylgja Fréttablaðinu.

Í þessu blaði verður farið yfir þá ótalmörgu möguleika sem hampurinn býður upp á. Við verðum með áhugaverð viðtöl við hampræktendur og sérfræðinga. Við viljum bjóða auglýsendum að taka þátt í blaðinu með okkur og kynna fyrirtæki, vörur og starfsemi sína.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Hilmar var valinn íþróttamaður ársins í árlegu kjöri ÍF í fyrra.

Hilmar hafnaði í 14. sæti í Sviss

SKÍÐI Hilmar Snær Örvarsson, skíðamaður úr Víkingi, hafnaði í 14. sæti á Evrópubikarmóti í stórsvigi sem haldið var í Sviss í gær.

Hilmar Snær skíðaði fyrri ferðina á 1:05,02 mínútum og var í 20. sæti eftir þá ferð. Hann bætti sig hins vegar um tæpar fimm sekúndur í seinni ferðinni þar sem hann kom í mark á 1:00,67 mínútum.

Hilmar Snær keppir aftur í stórsvigi í dag en þá tekur hann þátt í heimsbikarnum í greininni. Á föstudag og laugardag keppir Hilmar Snær svo í svigi, sem er hans sterkasta grein. – hó



Dagur fylgist einbeittur með á hliðarlínunni í Egyptalandi.

Íslendingaliðin í milliriðlana

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson, þjálfari japanska landsliðsins, og Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfari Barein, komu liðum sínum áfram í milliriðlana á HM í handbolta í gær. Þeir munu því leiða saman hesta sína í milliriðlinum í Kairó. Það komust því öll liðin sem íslenskir þjálfarar stýra áfram á næsta stig keppinnar.

Japan vann nauman sigur á Angólá í gær og fer því með eitt stig inn í milliriðlana eftir jafntefli við Króatíu fyrr í mótnu. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1997 sem Japan kemst upp úr riðlinum á HM í handbolta, en þetta er önnur keppni Dags með liðið.

➤ Halldór er þriðji Íslendingurinn sem þjálfar landslið Barein á stuttum tíma. Áður höfðu Guðmundur Þ. Guðmundsson og Aron Kristjánsson stýrt liðinu.

Barein undir stjórn Halldórs verður án stiga, en liðið komst áfram með 34-27 sigri á Kongó í gærkvöldi. Þetta er einnig í fyrsta sinn sem Barein kemst áfram í milliriðlana á HM. Þá var Þýskaland undir stjórn Alfreðs Gíslasonar búíð að tryggja sér þátttökurétt í milliriðlunum fyrir lokaumferðina í gær og verða því fjórir íslenskir þjálfarar í milliriðlunum. – kpt



Alexandra, hér fyrir miðju, fagnar einu af mörkum Íslands gegn Lettlandi í undankeppni EM í fyrra ásamt Söru, Elínu og Sveindís. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tilbúnaðar að taka næsta skref

Alexandra Jóhannsdóttir varð í gær þriðji leikmaður Íslandsmeistaraliðs Blika til að semja við stórt lið í Þýskalandi á mánuði. Þjálfari liðsins segir frábært að sjá unga leikmenn taka skrefið í atvinnumennsku.

FÓTBOLTI Þrjú leikmenn úr Íslandsmeistaraliði Breiðabliks í knattspyrnu kvenna á síðasta ári, hafa undanfarnar vikur samið við félög í Þýsku efstu deildinni. Alexandra Jóhannsdóttir var í gær kynnt til leiks sem leikmaður Eintracht Frankfurt, fyrr í vikunni var tilkynnt um félagaskipti Karólínu Leu Vilhjálmisdóttur til toppliðs deildarinnar, Bayern München, og í lok síðasta árs samdi Sveindís Jane Jónsdóttir, sem var á láni hjá Blikum frá Keflavík í fyrra, við stórlíðið Wolfsburg. Þá var tilkynnt í vikunni að Andrea Rán Snæfells Hauksdóttir færi á lán til Le Havre í Frakklandi, þar sem hún hittir fyrir liðsfélaga sinn úr Breiðabliki í fyrra, Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur og landsliðsmiðvörðinn Önnu Björk Kristjánisdóttur.

Karólína Lea og Sveindís Jane eru fæddar árið 2001 en Alexandra árið 2000, en athyglisvert er að svo ungir leikmenn fari beint frá Íslandi til liða í Þýsku efstu deildinni. Sveindís Jane var hins vegar lánuð til Kristianstads í Svíþjóð og mun leika þar á komandi keppnistímabili. Alexandra og Karólína Lea eiga það sammerkt að vera Hafnfirðingar sem gengu ungar til liðs

Þær búa allar að mikilli reynslu og eru tilbúnaðar að taka næsta skref.

Þorsteinn Halldórsson, þjálfari Breiðabliks



við Blika og fengu stórt hlutverk í öflugum liði í Kópavoginum ungar að aldri. Alexandra var 17 ára þegar hún kom til Breiðabliks frá Haukum og Karólína Lea 16 ára gömul þegar hún söðlaði um frá FH til Blika.

„Það má svo sannarlega segja það,“ segir Þorsteinn Halldórsson, þjálfari Breiðabliks, aðspurður út í tviégga sverðið sem þjálfari, um tilfinninguna að vera að missa hryggjarsúluna úr meistaraliði Blika, en á sama tíma gleðjast fyrir hönd stelpnanna að vera að fara út í atvinnumennsku í sterkustu deildir heims.

Wolfsburg og Bayern eru tvö af sterkustu liðum Evrópu að mati styrkleikalista UEFA og franska og

þýska deildin þær sterkustu í Evrópu, samkvæmt sömu útreikningum. Þorsteinn tekur undir að það sé ákveðin viðurkenning fyrir gott starf sem unnið er hjá Breiðabliki.

„Við erum að sjá leikmennina okkar fara í tvær af sterkustu deildum heims og ég held að þetta sé frábært skref fyrir þær. Þetta sýnir að við erum að gera eitthvað rétt hjá Breiðabliki og við getum tekið þessu sem hrósi. Að félagið hafi gert vel fyrir þessa leikmenn og gefið þeim möguleika á að taka þetta skref, ásamt þeim sjálfum að sjálf-sögðu. Þegar svona stórlíð standa til boða er varla neitt annað hægt en að taka tilboðinu.“

Þessir leikmenn eru komnir í stórt hlutverk hjá A-landsliðinu þrátt fyrir ungan aldur, en Alexandra lék sex af átta leikjum Íslands þegar liðið tryggði sér sæti í loka-keppni Evrópumótsins sem fram fer í Englandi sumarið 2022. Sveindís Jane fimm og Karólína Lea þrjú.

„Þær búa allar að mikilli reynslu og eru tilbúnaðar að taka næsta skref. Þær eiga allar að baki tvö tímabil í efstu deild, landsleiki og Alexandra og Karólína eiga að baki Evrópu-leiki. Það er því mjög jákvætt að sjá leikmenn taka þetta næsta skref

sem var ekki alltaf í boði. Landsliðið á stóran þátt í þessu, en þær komast í landsliðið með góðri frammistöðu hjá félagsliði.“

Þorsteinn segir að það hafi verið nóg að gera við að svara fyrirspurnum að utan, en á ekki von á því að fleiri séu á förum í bili.

„Það hefur verið nóg að gera að svara eftirspurnum og óvenjumikill áhugi. Ég er ekki alveg hundrað prósent á því, en ég held að það séu ekki fleiri fyrirspurnir inni.“

Fyrir vikið er á verkefnalista Þorsteins og þjálfarateymisins hjá Blikum að smíða nýtt meistaralið, en Þorsteinn hefur einnig verið orðaður við þjálfarastöðuna hjá íslenska kvennalandsliðinu. Hann segist vera spenntur fyrir framhaldinu í Kópavogi, en staðfesti það hann hafi rætt lauslega við KSÍ.

„Það verður krefjandi en spennandi verkefni að byggja upp nýtt lið. Við vissum að þetta gæti gerst og vorum byrjuð að undirbúa leikmannahópinn. Ég er bjartsýnn á að við verðum með gott lið í sumar og hefur gengið vel að innleiða breytingarnar. Svo eru margir spennandi leikmenn að bíða eftir tækifærinu, framtíðin er björt.“

kristinnpall@frettabladid.is

Fá að bera sig saman við bestu leikmenn heims

HANDBOLTI Ísland hefur í dag leik í milliriðli á heimsmeistaramótnu í handbolta karla en fyrsti mótherji íslenska liðsins í milliriðlinum verður Sviss sem komst óvænt inn í mótið á síðustu stundu eftir að Bandaríkjamenn þurftu frá að hverfa vegna kórónaveirusmits. Frakkland og Noregur verða einnig andstæðingar Íslands, Portúgals og Alsírs í milliriðlinum en tvö lið af sex komast áfram í átta liða úrslitin. Ísland á enn möguleika á að komast upp úr milliriðlinum með góðum úrslitum en Bjarni Fritzson, handboltaþjálfari og fyrrverandi

Leikurinn gegn Sviss er algjör lykilleikur með það hvaða væntingar maður hefur til framhaldsins.

Bjarni Fritzson

landsliðsmaður, sagði spennandi að sjá íslenska liðið takast á við bestu lið heims sem léku til úrslita á HM árið 2017 þegar Fréttablaðið leitaði álits hjá honum.

„Þetta er alveg skuggalegur milli-riðiill með tveimur af bestu liðum

heims undanfarin ár í Frakklandi og Noregi. Við vorum heppin með riðil í fyrstu þó að það sé alltaf sérkennilegt að mæta liðum sem þú veist lítið um en strákarnir leystu það mjög vel. Nú fá þeir tækifæri að bera sig saman við bestu lið heims og bestu leikmenn heims til að sjá hvar þeir standa og þeir þurfa ekkert að vera neitt smeykir.“

Bjarni segist upplifa mikinn sam- hug í íslenska liðinu á mótnu.


„Mér finnst allir strákarnir ótrú- lega vel samstilltir og gíraðir inn á þessu móti og með því hefur breiddin aukist. Það eru þó nokkrir ungir

strákar í bland við reynslubolta og það myndast gott jafnvægi í liðinu. Mín tilfinning er að við höfum núna engu að tapa og sjáum hvað gerist. Ungu strákarnir hafa margir verið í stórum hlutverkum með liðum sínum hérna heima og með unglíngalandsliðinu. Þeir eru ekkert litlir í sér og fara með sigurvilja og sigurhugarfar inn í alla leiki sem er akkúrat það sem oft þarf til. Það er því tilhlökkun að sjá þá takast á við þetta verkefni. Leikurinn gegn Sviss er algjör lykilleikur með það hvaða væntingar maður hefur til framhaldsins.“ – kpt



MIDVIKUDAGUR 20. JANÚAR 2021

Heilsa



Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti segir að rannsóknir á ómega-7 fitusýrum í hafþyrnisolíu sýni fram á mikla virkni gegn þurrki í slímhúð. MYND/ABSEND

**Öflugur
liðstyrkur!**



**2-3
mánaða**
skammtur í
hverju glasi

Flestir upplifa þurrk í slímhúð einhvern tíma

Membrasin vörunar byggja á aldagamalli þekkingu og nýjum rannsóknum á hafþyrnisolíu. Komið hefur í ljós að olían hefur græðandi áhrif á slímhúðir líkamans. Vörunar vinna á húðþurrki, augnþurrki og leggangþurrki. ➔2

Framhald af forsiðu →

Hafþyrnisolía er unnin úr ald-inkjöti og fræjum hafþyrnis (e. sea buckthorn) en hafþyrnir vex á norðurhveli jarðar við hafið og skartar fagurappelsínugulum berjum. Olían er rík af ómega-7 fitusýrum, en miklar rannsóknir hafa verið gerðar undanfarið ár á ómega-7 með til-tiliti til allra slímhúða sem og fyrir húðina. „Þá hafa ómega-7 fitusýrur reynst afar vel í baráttunni gegn þurrki, hvort tveggja í slímhúð og húð. Slímhúð er að finna víða í líkamanum og er meðal annars í munn- og nefholi, augum, lungum og leggöngum,“ segir Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti hjá Mulier Fortis ehf.

Membrasin vörurnar eru framleiddar af finnska fyrirtækinu Aromtech. Fyrirtækið er stofnað og rekið af konum og sérhæfir sig í framleiðslu á vörum úr hafþyrnisolíu. „Grunnurinn í Membrasin vörunum er einmitt hafþyrnisolían. Að auki er öðrum virkum efnum bætt í hverja vöru fyrir sig til þess að auka virkni þeirra enn frekar. Við höfum að fletja inn Membrasin Vaginal Vitality legganga- og kynfærakrem og Membrasin Vision Vitality bætiefni fyrir ári síðan. Í haust bættum við svo Membrasin Vision Vitality bætiefni og Membrasin Vision Vitality augnúða í flórana. Bætiefnin, augnúðinn og legganga- og kynfærakrem hafa verið að gefa afar góða raun. Allar þessar vörur eru vegan,“ segir Inga.

Vision Vitality bætiefni

Augnþurrkur er algengt vandamál og hrjáir afar breiðan hóp fólks á öllum aldri. Flestir þekkja áhrif öldrunar, en með hækkuðum aldri eykst þurrkur í slímhúð augna. Enn fleiri hafa sett samasemmerki á milli tölvunotkunar og augnþurrks. En augnþurrkur er þar fyrir utan fylgifyskur fjölda lyfja, sjúkdóma og lífsstílsvenja. „Membrasin bætiefni fyrir augu inniheldur, líkt og allar Membrasin vörurnar, hafþyrnisolíuna góðu en hún virkar einstaklega vel gegn augnþurrki. Að auki inniheldur það lútein og zeaxanthin sem bæði auka virkni vörunnar með því að vinna gegn skadlegum geislum frá snjalltækjum og tölvuskjáum. Þá hjálpa þau til við að blokkera áhrifin frá bláa ljósinu sem stafar af þessum tækjum. Lútein er þar að auki þekkt bætiefni fyrir augu og augnbotna. Membrasin bætiefni er sérstaklega hentugt fyrir þá sem vinna mikið við tölvuskjái en það er ekki bara bláa ljósið sem hefur slæm áhrif á augun okkar. Við blikkum að jafnaði minna þegar við horfum á tölvu-

skjá heldur en annað og þá þorna augun enn meir en ella.“

Bætiefnið er í olíuformi og kemur í litlum og nettum veganhlykjum sem auðvelt er að kyngja. Þá er ekkert eftirbragð af vörunni eins og er oft með fitusýrubætiefni. Ráðlagt er að taka hylki einu sinni á dag og þá með mat, þar sem það eykur upptöku á bætiefninu. „Til þess að auka virknina enn frekar er mælt með að nota Membrasin augnbætiefni með Membrasin augnúðanum, sérstaklega ef fólk er slæmt. Því það er gott að smyrja bæði utan frá og að innan.“

Vision Vitality augnúði

Membrasin augnúðinn er flokkaður sem lækningatæki með sannaða virkni. Úðinn er sérlega einfaldur í notkun en þú einfaldlega lokar augunum og úðar á augnlokið og efnin seytla inn í augun. Er óhætt að nota með hvort tveggja augnfarða og augnlinsum. Þá inniheldur úðinn einnig hýalúrónsýru sem styður við vatnsbindigetu táravökvans. „Aukaverkun úðans er ánægjuleg, en bæði hafþyrnisolían og hýalúrónsýran er rosalega góð fyrir húðina kringum augun. Þetta er því eins konar hrukukrem í leiðinni.“

Vandamál tengd þurrki í slímhúð augna hafa fæst í aukana síðustu ár vegna breyttra lífshátta, en við erum mörg hver farin að eyða miklum tíma með snjalltækin fyrir framan okkur. Börn allt niður í þriggja ára eru farin að þurfa lausnir við augnþurrki enda verja mörg þeirra óhóflega miklum tíma með snjalltækjum. Úðinn er sérstaklega hannaður fyrir viðkvæm augu og er óhætt að nota hann á börn niður í allt að þriggja ára aldur.“

Vaginal Vitality legganga- og kynfærakrem fyrir slímhúð

Það er ekkert leyndarmál að í kringum 80% kvenna upplifa leggangaþurrk einhvern tíma á lífsleiðinni, hvort sem er í lengri tíma eða tímabundið. „Þetta hefur hingað til verið feimnismál, trúlega af því þetta tengist kynlífi. En þær konur sem þjáast af leggangaþurrki finna margar fyrir miklum sársauka þegar þær stunda kynlíf.“

Það er tími til kominn að stinga á þessa feimnisbóluna enda er það alls ekki hjálplegt að leyndu upplýsingum frá konum sem finna fyrir óþægindum í leggöngum.



Membrasin vörurnar hentar fyrir öll kyn og fólk á öllum aldri sem þjáist af þurrki í slímhúð. MYND/ADSEND.

Til dæmis er mjög algengt að konur séu ranggreindar með sveppa- eða þvagfærasýkingu, þegar vandamálið í grunninn er leggangaþurrkur. Margar upplifa mikla vanlíðan við að fara á hvern sýklalyfjakúrinn á fætur öðrum og uppskera fátt annað en sveppasýkingu í kjölfarið, ásamt því að fá aldrei víðeigandi meðhöndlun á þurrki í slímhúð legganga. Það vita þá flestar konur að ef þeim líður ekki vel þarna niðri þá er líkaminn undirlagður og maður er alveg ómögulegur. Kynlíf, sundferðir, líkamsrækt, þetta verður allt ein og sama þíningin.“

Hrjáir margar konur

Leggangaþurrkur er stórt og mikið heilsufarsvandamál og hefur verið að koma enn betur í ljós undanfarið ár með aukinni umræðu. „Þurrkur í slímhúð legganga er ekki bara eitthvað sem hrjáir konur á breytingaskeiði, þótt það sé vissulega stærsti hópurinn. Það er þetta blessaða estrógen, þegar það fellur þá byrjar ballið. En leggangaþurrkur hrjáir líka yngri konur. Hann getur stafað af því að vera með barn á brjósti og verið fylgifyskur þess að taka getnaðarvarnarpilluna. Einnig getur hann einfaldlega stafað af því að það vantar fitu eða önnur efni í mataræðið.“

Þá er leggangaþurrkur sem og þurrkur í annarri slímhúð einnig þekktur fylgifyskur



Augntvannan er frábær í baráttunni gegn augnþurrki. Úðinn er einfaldur í notkun og bætiefnið vinnur gegn þurrki og slæmum áhrifum bláa ljóssins.

krabbameinsmeðferðar. Krabbameinslyfi eru hönnuð til þess að drepa allar frumur í líkamanum sem fjölga sér hratt. Og til allrar óhamingju þá er slímhúðin einmitt byggð úr slíkum frumum. Það góða við kremið og aðrar Membrasin vörur er að þær er óhætt að nota meðfram lyfjameðferðum. Þá má einnig nota kremið samhliða hormónameðferðum.“

Kremið inniheldur hafþyrnisolíuna góðu og hýalúrónsýru upp á rakann að gera. „Einnig er þarna mjólkursýra sem er mikilvæg til að halda réttu sýrustigi í leggöngum og til þess að koma í veg fyrir að sýkingar nái að taka sig upp og grassera. Því þurr og óheilbrigð slímhúð er kjöraðstæður fyrir sveppa- og bakteríusýkingar.“ Kremið er flokkað sem lækningatæki og hefur sannaða virkni. Það er notað eftir þörfum og getur haft fyrirbyggjandi áhrif gegn sýkingum.

Kremið er ekki ætlað til þess að vinna bug á sýkingum sem þegar eru til staðar. „Flestar konur byrja á því að nota kremið daglega en minnka svo við sig eftir því sem á líður. Flestar konur finna það svo strax ef eitthvað er öðruvísi en það á að vera, og þá er mælt með því að auka aftur notkun kreamsins. Einnig er mælt með því að taka

Membrasin bætiefni meðfram.“

Inga stofnaði spjallhóp á Facebook til þess að rjúfa þögnina um leggangaþurrk. „Þetta er lokaður hópur með 1.300 konum þar sem ég deili ýmsum fróðleik og greinum sem tengjast málefnum. Hópurinn heitir Membrasin Ísland, Spjall og góð ráð, og þarf að sækja um aðgang til að lesa og taka þátt í umræðum.“

Vitality bætiefni fyrir húðina

Síðast en alls ekki sist er Membrasin bætiefnið. En um er að ræða almennt bætiefni fyrir alla slímhúð líkamans. „Það inniheldur hreina hafþyrnisolíu sem A- og E-vítamin í litlum skömmtum, rétt til þess að ýta undir virknina. Bætiefnið er algert dundur fyrir alla slímhúð og húðina almennt, en margir eru að taka bætiefnið í vetrarþurrkinum. Þetta er það allra besta sem við getum gert til þess að næra húðina innan frá.“ Bætiefnið kemur í hylkjaformi en hylkin eru lítil og nett og er þægilegt að gleypa þau.

Membrasin vörurnar fást í Apótekum, Heilsuhúsinu, Fjarðar-kaupum og Hagkaupum. Nánari upplýsingar um vörurnar má finna á numereitt.is/membrasin.



MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. janúar 2021

3. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Upplifðu faglega og persónulega þjónustu
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		
			MICHELSEN 1909
			Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Skiluðu yfir 90 prósentu ávöxtun
Ávöxtun níu vogunarsjóða var á bilinu 5 til 94 prósent árið 2020. Veðmál á Ícelandair og vel tíma-sett kaup í Kviku og TM réðu miklu um góða ávöxtun Akta.

2

Umfram eigið fé um 58 milljarðar
Bankasýslan metur hvort greiða eigi út hluta af umframfé Islands-banka fyrir sölu. Veltur á verðmati fjárfesta á umfram eigin fénu sem er allt að 57,6 milljarðar.

4

Eignarhald hamli ekki samkeppni
Forsvarsmenn lífeyrissjóða segja hæpið að viðtækt eignarhald mismunandi lífeyrissjóða á fjármála-fyrirtækjum hamli samkeppni. Allir sjóðirnir starfi sjálfstætt.

6

Mikilvægu máli fylgt úr hlaði
Peir sem telja að eignarhaldi banka sé best fyrir komið hjá ríkissjóði mega gjarnan vera heiðarlegir með það svo hægt sé að eiga þá umræðu grímulaust.

14

KS kaupir Metro borgara
Kaupfélag Skagfirðinga hefur eignast M-veitingar ehf., en félagið annast rekstur Metro-hamborgarastaðanna. Kaupin koma til vegna skuldauppgjors við KS.

16



Efla teygir sig víða um heim

Umfang verkfræðistofunnar Eflu tvöfaldaðist á áratug. Hún er með starfsemi í sjö löndum. Guðmundur Þorbjörnsson segir mikil tækifæri fyrir Ísland sem sjálfbært orkuland og til framleiðslu vetnis til útflutnings. ➔ 8

Ég ákvað fyrir rúmu ári að árið 2020 yrði mitt síðasta í þessu hlutverki og ég myndi í kjölfarið afhenda keflið áfram. Þegar ég tók þá ákvörðun grunaði mig ekki hve krefjandi lokaárið yrði.

Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Eflu

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Lánardrottinnar WOW vilja dómkvaddan matsmann

Hópur skuldabréfaeigenda, sem tók þátt í skuldabréfaútboði WOW air haustið 2018 hefur farið fram á að dómkvaddur verði matsmaður til að leggja á það mat hvort flugfélagið var orðið ógjaldfært áður en útboðið fór fram. Algengt er að dómkvaddir matsmenn séu fengnir til þess að meta slíkt áður en riftunarmál eða skaðabótamál eru höfðuð.

„Þrotabú WOW air hafði fengið endurskoðendur til að skoða málið og þeir komust að þeirri niðurstöðu að félagið hefði verið ógjaldfært um sumarið 2018. Þessa niðurstöðu er hins vegar ekki hægt að nota fyrir dómi og þess vegna förum við fram mat óháðra sérfræðinga,“ segir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður hópsins.

Matsbeiðendur eru bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Eaton Vance Management, norska sjóðastýringarfyrirtækið MP Pensjon, Kvika eignastýring, sænski vognunarsjóðurinn Peak AM Alternative Investments, Swedbank Luxembourg, Rea ehf., sem er móðurfélag Airport Associates, og GAMMA Capital Management, sem var tekið yfir af Kviku banka árið 2019.

Fjárfestingarfélagið Toluma Kreditt er einnig á meðal matsbeiðenda sem og Johannes Bentorp. Stjórnarformaður Toluma er Morten Wilhelm Wilhelmsen, fyrrverandi forstjóri Wilhelmsen, sem er eitt stærsta skipafélag heims.

Matsþolar eru hins vegar Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri WOW air, ásamt stjórnarmönnum um Liv Bergþórsdóttur, Helgu Hlín Hákonardóttur, Davíð Mássyni og Basil Ben Baldanza.

„Ef félagið var ógjaldfært á þeim tíma sem skuldabréfin voru gefin út myndast skaðabótaskylda stjórnenda félagsins gagnvart kröfuhöfum. Umbjóðendur okkar halda því fram að stjórnendur WOW hefðu átt



Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri WOW air. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Ef WOW air var ógjaldfært þegar skuldabréfaútboði félagsins fór fram myndast skaðabótaskylda stjórnenda á hendur kröfuhöfum.

að hætta við útboðið og óska strax eftir gjaldprotaskiptum í stað þess að sækja fé til fjárfesta sem auðsjáanlega breytti engu fyrir fjárhag félagsins,“ segir Guðmundur Ingvi. Skaðabótaskyldan muni þá samsvara fjárfestingu skuldabréfaeigendanna í útboðinu.

WOW air gaf út skuldabréf fyrir um 50 milljónir evra í september 2018. Stór hluti þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í umræddu útboði fékkst hins vegar með því að ýmsir kröfuhafar WOW air breyttu kröfum sínum í skuldabréf. Þá kom fram í skýrslu Deloitte fyrir þrotabú WOW air, að fjármagninu hefði að mestu verið varið í uppgreiðslu gjaldfallinna krafna, eða rúmum 33 milljónum dala af þeim 50 milljónum sem voru til ráðstöfunar eftir útboðið.

Skuldabréfaeigendurnir sendu kröfubréf á stjórnendur WOW air haustið 2019. Var þess krafist að stjórnendur WOW air gengju til samninga um greiðslu skaðabóta ellegar færi málið fyrir dómstóla. – tfh

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði um 21% í fyrra en skuldabréfavisitalan um 6%. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vogunarsjóðir Akta skiluðu 90 prósentum

Ávöxtun níu vogunarsjóða var á bilinu 5 til 94 prósent á síðasta ári. Veðmál á útboð Icelandair og vel tímasett kaup í Kviku og TM réðu miklu um að tveir sjóðir Akta skiluðu tvöfalt hærri ávöxtun en næsti sjóður sem kom á eftir.

Mikill munur var á ávöxtun íslenskra vogunarsjóða, sem hafa sumir hverjir fjárfestingarheimildir til að gíra skort- eða gnóttstöður sínar í skuldabréfum eða hlutabréfum fimmfalt, á árinu 2020 en tveir sjóðir í rekstri Akta sköruðu fram úr og skiluðu sjóðfélögum sínum yfir 90 prósent ávöxtun, samkvæmt samantekt Markaðarins. Góðan árangur sjóðanna – Akta HS1 og Akta HL1 – má ekki sist þakka veðmáli þeirra á hlutafjárútboði Icelandair Group, þar sem sjóðirnir tóku drjúga stöðu, en hlutabréfaverð flugfélagsins hækkaði um líðlega 70 prósent á síðustu tveimur mánuðum ársins.

Sjóðurinn ÍS-5, sem er í rekstri Stefnis og fjárfestir í hlutabréfum, og Fixed Income Opportunity Fund (FIOF), skuldabréfasjóður í stýringu hjá Landsbréfum, skiluðu hins vegar lókustu afkomunni á síðasta ári í samanburði við aðra vogunarsjóði og var ávöxtun þeirra 7,7 prósent og 5 prósent.

Samkvæmt upplýsingablaði Akta HS1 til sjóðfélaga, sem Markaðurinn hefur undir höndum, nam ávöxtun sjóðsins 93,7 prósentum á liðnu ári, en hann fjárfestir bæði í íslenskum hlutabréfum og skuldabréfum. Ávöxtun Akta HL1 var litlu minni, eða um 90,2 prósent, en sá sjóður fjárfestir einungis í hlutabréfum. Sjóðirnir, sem voru annars vegar 4,4 milljarðar króna og hins vegar 3,7 milljarðar króna að stærð í árslok 2020, hafa ekki skilað hærri ávöxtun frá stofnun árið 2013 – á árinu 2015 skiluðu sjóðirnir 88 prósent og 71 prósent ávöxtun – en þeim er stýrt af Erni Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Akta, og Fannari Jónssyni sjóðsstjóra.

Til samanburðar hækkaði úrvalsvisitala Kauphallarinnar um líðlega 21 prósent á síðasta ári á meðan hækkan aðalvisítölu skuldabréfa nam um 6 prósentum.

Vogunarsjóðir, sem standa einungis fagfjárfestum til boða vegna þess hversu áhættusöm fjárfesting í slíkum sjóðum getur verið, hafa

Ávöxtun vogunarsjóða á árinu 2020

Akta HS1	93,7%
Akta HL1	90,2%
Algildi	42,8%
Alpha hlutabréf (Íslandssjóðir)	37,4%
Hekla (Landsbréf)	36,5%
Iceland Fixed Income Fund (Kvika)	31,2%
JR-TRF (Kvika)	28,0%
Akta SK1	19,3%
ÍS-5 (Stefnir)	7,7%
FIOF (Landsbréf)	5,0%

mun ríkari heimildir en hefðbundnir verðbréfasjóðir til lán-töku – stundum nefnd girun – og nýta sér afleiður, meðal annars valréttarsamninga og framvirka samninga, til að skortselja ákveðna hlutabréfa- eða skuldabréfaflokka, sem og að taka gíraða gnóttstöðu. Sjóðirnir miða árangur sinn við tiltekna vísitölur á markaði og yfirleitt nemur þóknun þeirra sem stýra þeim 20 prósentum umfram það viðmið.

Auk þess að hafa hagnast mikið á fjárfestingu í Icelandair höfðu vogunarsjóðir Akta, sem eru að sögn kunnugra sagðir kvikari en aðrir sambærilegir sjóðir í að kaupa og selja sig út úr þeim félögum sem þeir fjárfesta í, byggt upp drjúga stöðu í Kviku banka og TM þegar hlutabréfaverð félaganna tók að hækka mikið eftir að tilkynnt var um samruna þeirra í lok september. Þá tímasettu sjóðir Akta vel kaup í fasteignafélögum síðla árs, en gengi þeirra hækkaði mikið – hlutabréfa-verð Regins og Reita rauk upp um líðlega 40 og 60 prósent í nóvember og desember – þegar jákvæðar fregnir af bóluefni juku mjög bjartsýni fjárfesta á hlutabréfamarkaði.

Samkvæmt samantekt Markaðarins skilaði fagfjárfestastjóðurinn Algildi, sem var stofnaður árið 2019 og er stýrt af Jóhanni Gísla Jóhannessyni, þriðju hæstu afkomunni á árinu 2020, en ávöxtun sjóðsins nam tæplega 43 prósentum. Sjóðurinn fjárfestir í bæði skráðum, innlendum hlutabréfum og skuldabréfum og nemur stærð hans um 1.500 milljónum króna.

Þar á eftir komu sjóðirnir Alpha hlutabréf hjá Íslandssjóðum, Hekla fagfjárfestastjóður, blandaður sjóður sem er í rekstri Landsbréfa, og Iceland Fixed Income Fund (IFIF), vogunarsjóður hjá Kviku eignastýringu sem fjárfestir í íslenskum skuldabréfum. Ávöxtun þessara sjóða nam á bilinu 31 til 37 prósentum á árinu 2020.

Fram kemur í upplýsingablaði sem var sent til sjóðfélaga IFIF á síðasta viðskiptadegi ársins 2020, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að sjóðurinn hafi skilað um 31 prósent ávöxtun á árinu en stærð sjóðsins stóð þá á 18,1 milljarði króna. Ávöxtun sjóðsins, sem var komið á fót árið 2009 og er stýrt af Agnari Tómasi Möller, var sú næstbesta frá stofnun, en til samanburðar hækkaði ríkisskuldabréfavisitala Kviku eignastýringar um 6,6 prósent á síðasta ári. Hugmyndafræði sjóðsins, að því er segir í upplýsingablaðinu, gengur út á að „finna og nýta tækifæri á íslenskum vaxtamarkaði, sérstaklega þar sem óraunsær munur hefur myndast á milli verðlagningar og undirliggjandi forsenda, einkum vegna tímabundinnar óskilvirkni á markaði og/eða mikils aðskilnaðar í verðmyndun á milli mismunandi eignaflokka.“

Í fjárfestabréfi IFIF til sjóðfélaga um síðustu áramót, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að ef alþjóðaþróun verði ekki með þeim hætti að verðbólga fari úr böndunum á næstu árum og seðlabankar heimsins grípi fyrr til vaxtahækkana en nú er verðlagt á mörkuðum, sé ekki óvarlagt að reikna með vöxtum Seðlabankans – þeir eru nú 0,5 prósent – í nágrenni við sömu gildi næstu tvö árin.

„Mikill og sögulega hár langtíma raunvaxtamunur, verðlagning um hratt hækkanði vexti Seðlabanka Íslands, verðbólguálag til skemmri og lengri tíma við markmið og nokkuð minni útgáfa ríkissjóðs en gera hefði mátt ráð fyrir, gefur ástæðu til samilegrar bjartsýni um góða ávöxtun skulda á komandi ári,“ segir í fjárfestabréfinu.

hordur@frettabladid.is



Íslandssjóðir
Síðan 1994

Jákvæðar fréttir

Hlutabréfasjóðir í virkri stýringu Íslandssjóða skiluðu ávöxtun umfram Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands (OMX110GI) og Einkasafn E var með hæstu ávöxtun blandaðra sjóða hérlendis á árinu 2020*. Allir sjóðir Íslandssjóða skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu en yfir 11 þúsund sparifjáreigendur velja sjóði Íslandssjóða til að ávaxta sitt sparifé.

IS EQUUS Hlutabréf	IS Hlutabréfasjóðurinn	IS Einkasafn E
1 ár 42.4%	1 ár 33.5%	1 ár 23.0%
2 ár 33.1%	2 ár 21.9%	2 ár 17.1%
3 ár 18.0%	3 ár 10.2%	3 ár 12.8%
Frá stofnun 14,9%	4 ár 6.5%	4 ár 9.7%
	5 ár 4.0%	5 ár 8.5%

Heimild: Íslandssjóðir hf.
*Skv. flokkun Keldunnar

Árleg nafnávöxtun
m.v. 31.12.2020

Ofangreindir sjóðir eru fjárfestingarsjóðir samkvæmt lögum nr. 45/2020. Rekstrarfélag sjóðanna er Íslandssjóðir hf. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum fjármálagerningum vegna áhættudreifingar. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum, þannig getur eignarhlutdeild rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerna sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Auglýsingin veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu ofangreindra sjóða, sérstaklega um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir. Útboðslýsing og lykilupplýsingar eru aðgengilegar á islandssjodir.is.

Skoða ráðstöfun eigin fjár fyrir sölu

Bankasýslan metur hvort hagkvæmt sé að greiða út hluta af umframfé Íslandsbanka fyrir sölu. Veltur á verðmati fjárfesta á umfram eigin fénu sem nemur allt að 57,6 milljörðum. Umfram eigið fé getur einnig nýst til að mæta frekari virðisrýrnun eða útlánavexti.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Bankasýsla ríkisins mun kanna hvort hagkvæmt sé að greiða hluta af umfram eigin fé Íslandsbanka, sem nemur samtals um 57,6 milljörðum króna, til hluthafa fyrir sölu bankans. Þættir eins og fjármögnun hluta af arðgreiðslunni, og væntingar um þróun lánasafnsins takmarka þó arðgreiðslugetuna. Þetta kemur fram í kynningu sem Bankasýsla ríkisins hélt fyrir fjárlaganefnd Alþingis í síðustu viku.

„Það geta verið veigamikil rök nýrra fjárfesta að eignast hlut í banka, sem hefur jafnmikið umfram eigið fé og Íslandsbanki. Af þeim sökum mun Bankasýsla ríkisins meta það ásamt ráðgjöfum sínum á hversu háum hlutfjármargfaldara umfram eigið fé er verðmetið af hugsanlegum fjárfestum,“ segir í kynningunni.

Stjórnvöld stefna að því að selja um 25 prósent hlut í Íslandsbanka. Áætlað er að ferlið takið að lágmarki fimm mánuði og er eingöngu horft til skráningar á markaði hérlandis.

Algengasti verðmatsmælikvarðinn á hlutabréfum í evrópskum bönkum er svokallaður hlutfjármargfaldari, það er markaðsvirði sem margfeldi af bókfærðu virði undirliggjandi eigin fjár. Eftir því sem væntingar markaðarins um framtíðararðsemi eigin fjár eru meiri, á þeim mun hærri hlutfjármargfaldara eru hlutabréf í bönkum metin.


Ef verðmat á umfram eigin fé er nálægt margfeldinu 1,0 gæti verið betra, samkvæmt kynningu Bankasýslunnar, að greiða ekki út sérstakan arð til að stuðla að bættari eftirspurn.

„Fræðilega séð ætti ríkið að fá 100 aura fyrir hverja krónu sem bankinn er með í umfram eigið fé,“ segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, í samtali við Markaðinn. Þannig myndi ekki skipta ríkissjóð máli, út frá markmiðinu um að hámarka endurheimtur af eignarhlutum, hvenær umfram eigið fé yrði greitt út.

Ef verðmat á umfram eigin fé er aftur á móti lægra en 1,0 gæti verið betra, samkvæmt kynningunni, að greiða út sérstakan arð fyrir sölu.

Jón Gunnar ítrekar að það sé á forræði stjórnar en ekki hluthafa að leggja til arðgreiðslur. Stjórn banka geti ráðstafað umfram eigin fé með þrenns konar hætti.

„Stjórnin getur ákveðið að viðhalda umfram eigin fénu til að hafa svigrúm fyrir útlánvöxt. Sama gildir ef bankinn sér fram á frekari varúðarniðurfærslur á lánasafninu. Í þriðja lagi er hægt að greiða umfram eigið fé sem arð til hluthafa,“ útskýrir Jón Gunnar.



Stjórnvöld horfa til þess að selja eignarhlutinn með almennu útboði á næstu fimm mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Arðgreiðslugeta Íslandsbanka

Fræðilegt hámark:	57,6
Óhagstæð fjármögnun:	-17,1
Skuldbindingar um fyrirgreiðslur:	-9,7
Hækkun stjórnendaauka:	-7,1
Möguleg hækkun sveiflujöfnunarauka:	-4,7
Raunhæfara hámark:	19,0

*Aðrir þættir sem hafa áhrif til frekari minnkunar á arðgreiðslugetu eru væntingar um virðisrýrnun lánasafns eða útlánvöxt

Víkjandi lán er hindrun

Samkvæmt kynningu Bankasýslunnar er umfram almennt eigið fé Íslandsbanka nú 57,6 milljarðar króna en það er fræðilegt hámark arðgreiðslugetu Íslandsbanka. Stofnunin bendir á að ríkissjóður fái arð í hlutfalli við eignarhlut sinn í bankanum og þannig sé ekki verið „að gefa“ umfram eigið fé bankans.

Ef stjórn bankans tæki ákvörðun um arðgreiðslu til hluthafa væri hins vegar mjög ólíklegt að svigrúmið yrði nýtt til fulls. Bankasýslan bendir á að 17,1 milljarð þyrfti að fjármagna með útgáfu á víkjandi skuldabréfi. Vaxtakostnaður við slíkt skuldabréf liggur á bilinu 8-9 prósent og vaxtagreiðslur koma ekki til frádráttar við útreikning á tekjuskatti.

Fræðilega séð ætti ríkið að fá 100 aura fyrir hverja krónu sem bankinn er með í umfram eigið fé.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins



„Fjármagnskostnaður slíkra skuldabréfa er því umfram arðsemiskrófu ríkisins á eigið fé í bankanum, segir í kynningunni en krafan er 5,75 prósent.

Einnig gæti þurft að draga frá samtals 21,5 milljarða króna á grundvelli varúðarsjónarmiða. Bankasýslan bendir á að skuldbindingar um lánaþyrirgreiðslur geti krafist þess að bankinn viðhaldi 9,7 milljörðum. Þá þarf bankinn að viðhalda 7,1 milljarði til að ná markmiði sínu um svokallaðan stjórnendaauka, það er eiginfjárla umfram kröfur eftirlitsyfirvalda sem bankarnir setja sér sjálfir, og 4,7 milljarða til að geta mætt mögulegri hækkun á sveiflujöfnunarauka.

Eftir stendur þá svigrúm upp

Aðrir valkostir ekki jafn hagstæðir

Bankasýslan hafði lagt mat á aðra valkosti en sölu, til að mynda samruna við annað fjármálaþyrirtæki eða sölu rekstrar-eininga Íslandsbanka, í skýrslu frá mars á síðasta ári. Niðurstaða stofnunarinnar um að slíkar ráðstafanir væru ekki jafn hagstæðar og sala á eignarhlut í bankanum er óbreytt.

„Með samruna við Arion banka myndi ríkissjóður eignast hluti í þeim banka, en ekki afla reiðufjár sem unnt væri að nota til að greiða niður skuldir eða ráðast í arðbærar innviðafjárfestingar,“ segir í kynningunni.

Þá er bent á að ágreiningur gæti komið upp um hversu stóran hlut ríkissjóður ætti að eiga í sameinuðum banka og allar greiningar á samþjöppun á fjármálamarkaði leiði í ljós að Samkeppniseftir-

litið myndi aldrei samþykkja samrunann. Samkeppni myndi minnka til muna. Niðurstaða Bankasýslunnar var sú að sá sparnaður sem yrði í rekstrar-kostnaði sameiginlegs banka yrði nægjanlegur til að réttlæta aukna samþjöppun og röskun á fjármálastöðugleika.

Eftir sölu Íslandsbanka á Borgun á bankinn ekki hluti í veigamiklum dótturfélögum sem teljast utan kjarnastarfsemi.

„Þar sem sala á eignum eða rekstrareiningum yrði að öllum líkindum til annarra fjármálaþyrirtækja myndi samþjöppun á markaði aukast og Samkeppnis-eftirlitið því mögulega grípa inn í,“ segir í kynningunni. Sala á eignum tengdum kjarnastarfsemi geti leitt til þess að dýrmæt viðskiptasambönd tapist.

á 19 milljarða króna af umfram eigin fé. Sú upphæð tekur þó ekki tillit til almennrar arðgreiðslu en á grundvelli breytinga á tilmælum Seðlabanka Íslands vegna arðgreiðslna er viðbúið að Íslands-

banki geti greitt 3 til 4 milljarða króna í reglulegan arð sem væri óháður sölu. Þá tekur upphæðin ekki tillit til mögulegrar virðisrýrnunar á útlánum eða frekari útlánavaxtar.

Aðaleigandi Keahótela tapaði 1,4 milljörðum króna

Eignarhaldsfélagið K acquisitions, stærsti eigandi Keahótela, tapaði 1,4 milljörðum króna á árinu 2019 samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Stóran hluta af tapi samstæðunnar, sem rekur ellefu hótél víðs vegar um landið, má rekja til niðurfærslu á viðskiptavild sem nam 900 milljónum króna.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2019 námu um 5,7 milljörðum króna og jukust um 700 milljónir á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam um 2,3 milljörðum króna. Viðskiptavild, sem nam 5,3

milljörðum króna í byrjun árs, var hins vegar afskrifuð um 900 milljónir.

„Ekki er búið að leggja mat á hugsanlega niðurfærslu viðskiptavildar á árinu 2020 vegna kórónuveirunnar en líklegt er að áhrif kórónuveirunnar muni valda nokkurri niðurfærslu,“ segir í ársreikningnum.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignar samstæðunnar 28.726 milljónum króna í lok ársins 2019. Eigið fé í lok ársins var 590 milljónir króna og eiginfjárlutfallið um 2,1 prósent. Kea Pt, sem er á vegum

900

milljónir króna var niðurfærsla viðskiptavildar.

bandaríska fjárfestingafélagsins Pt Capital Advisors, fer með 50 prósent hlut, JL-Keahotel investor, sem er á vegum bandaríska fasteignapróunarfélagsins JL Properties, fer með 25 prósent hlut eins

og Erkihvönn, sem er í eigu Andra Gunnarssonar, Kristjáns M. Grétarssonar, Fannars Ólafssonar og Þórðar Hermanns Kolbeinssonar.

Nýlega var gengið frá fjárhagslegri endurskipulagningu Keahótela, í gegnum hlutfjárlauningu og með samningum á milli eigna, lánveitenda og leigusala sem tryggðu félaginu stöðugan rekstrargrundvöll vel fram á árið 2022. Landsbankinn fer með þriðjungshlut í félaginu á móti K acquisitions eftir endurskipulagninguna.

Viðræður um endurskipulagningu reksturs Keahótela, sem er ein

stærsta hótelleiðja landsins og starfrækir meðal annars hina sögufræga Hótel Borg við Austurvöll og Hótel Kea á Akureyri, höfðu staðið yfir um nokkra hríð.

Niðurstaðan var samkomulag sem batt saman hagsmunir eigna og annarra hagsmunaaðila, sem eru annars vegar Landsbankinn og hins vegar ýmis fasteignafélög. Í því fólst að hluta skulda var breytt í hlutafé, núverandi eigendahópur kom með nýtt fé inn í reksturinn og leigusalar gerðu samkomulag um veltutengdar leigugreiðslur, sem eru þó með ákveðnu lágmarksgólfi. – tfh



Útboðsþing SI

Í beinu streymi miðvikudaginn
27. janúar kl. 9.00-10.30

- ▶ Á þinginu verða kynnt fyrirhuguð útboð ársins 2021 á verklegum framkvæmdum opinberra aðila. Þeir sem skrá sig á Útboðsþing SI fá sendan hlekk á viðburðinn.



▶ **Fundarstjóri**
Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



▶ **Setning**
Árni Sigurjónsson,
formaður SI



▶ **Reykjavíkurborg**
Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri



▶ **Framkvæmdasýsla ríkisins**
Guðrún Ingvarsdóttir,
forstjóri



▶ **Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**
Páll Björgvin Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



▶ **Orka náttúrunnar**
Hildigunnur Jónsdóttir,
forstöðuman verkefnastofu



▶ **Landsvirkjun**
Gunnar Guðni Tómasson,
framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs



▶ **Faxaflóahafnir**
Inga Rut Hjaltadóttir,
forstöðumaður tæknideildar



▶ **Vegagerðin**
Óskar Örn Jónsson,
forstöðumaður framkvæmdadeildar



▶ **Landsnet**
Unnur Helga Kristjánsdóttir,
forstöðumaður framkvæmda



▶ **NLSH**
Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri



▶ **Veitur**
Katrín Karlsdóttir,
teymisstjóri verkefnastjóra



▶ **Isavia**
Jón Kolbeinn Guðjónsson,
deildarstjóri verkfræðideildar

Skráning á si.is





Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri Sahara.

Sahara með birtingarhús

Auglýsingastofan Sahara býður nú upp á birtingaþjónustu varðandi hefðbundna miðla en hingað til hefur hún nær eingöngu veitt ráðgjöf við birtingar á stafrænum miðlum. „Birtingaþjónusta Sahara mun ekki þiggja þjónustulaun frá fjölmiðlum í tengslum við birtingaþjónustuna, þess í stað renna þjónustulaun beint í vasa viðskiptavina Sahara. Við munum eingöngu rudda fyrir tímavinnu og kerfiskostnað í tengslum við birtingaþjónustu okkar. Þjónustan er boðin í mismunandi þökkum eftir umfangi ráðgjafar og kostnaður við ráðgjöfina er því fastur og þekktur fyrir fram,“ segir Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar.

Sahara hefur frá stofnun veitt ráðgjöf um birtingar á stafrænum miðlum, eins og Facebook, Google, Instagram, YouTube og LinkedIn. Hann segir að seldur tími henti viðskiptamódeli Sahara vel. „Viðskiptavinir okkar hafa kallað eftir því að við tökum að okkur birtingar fyrir aðra miðla líka enda erum við alhliða auglýsingastofa og höfum ekkert á móti hefðbundnum miðlum þó þeir hafi ekki verið í forgrunni hjá okkur hingað til. Við sjáum eftirspurn eftir slíkri nálgun á hefðbundinni birtingaþjónustu og við erum að bregðast við því,“ segir hann.

Davíð Lúther segir margar auglýsingastofur og birtingahús nýta sér umfangsmiklar rannsóknir og dýrar kannanir til að greina fjölmiðlalandslagið. „Við ætlum okkur að vinna þessa þjónustu faglega og kaupa öll þau gögn sem í boði eru til að tryggja faglega nálgun,“ segir hann.

Jón Heiðar Gunnarsson hefur verið ráðinn yfirmaður birtingamála. Hans hlutverk er að leiða þessa uppbyggingu en hann hefur sinnt birtinga- og markaðsráðgjöf fyrir mörg af þekktustu og stærstu vörumerkjum landsins síðastliðin ár.

Davíð Lúther segir að auglýsingastofur hafi almennt fundið fyrir samdrætti í fyrri í ljósi efnahagsþrenginga. „Það er ódýrara að birta stafræna auglýsingar og því gekk okkur betur á árinu 2020 en ætla mátti af aðstöðum í efnahagslífinu. Fyrri hluti ársins var erfiður en við höfðum engu að síður um það bil 90 prósent af tekjum ársins 2019 á árinu 2020 og erum lítillega undir EBITDA-hlutfalli árinu á undan,“ segir hann. Útlit sé fyrir að fyrirtækið hafi verið rekið með hagnaði árið 2020. – hvj

Telja ólíklegt að eignarhald sjóðanna hamli samkeppni

Samkeppniseftirlitið telur að umfangsmikið eignarhald lífeyrissjóða á bæði Arion banka og Íslandsbanka geti orsakað hömlur á samkeppni. Forsvarsmenn lífeyrissjóða segja hæpið að viðtækt eignarhald mismunandi lífeyrissjóða á fjármálafyrirtækjum hamli samkeppni, enda starfi allir sjóðir sjálfstætt.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Ég á bág með að trúa því að tvö fyrirtæki á samkeppnismarkaði semji um jafntefli á þeim grundvelli að sömu lífeyrissjóðir eigi hlut í báðum fyrirtækjum,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Birtu. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um fyrirhugaða sölu á hluta eignar ríkissjóðs í Íslandsbanka segir meðal annars að samkeppnishömlur geti falist í því að sömu fjárfestar eigi í mörgum eða öllum fyrirtækjum í sömu atvinnugrein.

Ólafur nefnir einnig að ekki megi líta á lífeyrissjóði sem eina heild, enda séu fjölmargir lífeyrissjóðir umsvifamiklir á innlendum verðbréfamörkuðum og þeir taki fjárfestingarákvarðanir hver á sínum forsendum: „Þetta eru margir sjóðir. Hver og einn getur selt sig út úr félögum ef þeir sjá tilefni til þess, eins og dæmin sanna.“

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, tekur undir það sjónarmið: „Sjóðirnir starfa sjálfstætt og eiga ekki samstarf eða samráð um einstakar fjárfestingar. Stjórnir og starfsfólk sjóðanna er mjög meðvit- að um að virða reglur og sjónarmið sem gilda um þetta,“ segir Gunnar.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um hugsanlegar samkeppnishömlur vegna eignarhalds Íslandsbanka, segir meðal annars: „Fyrir liggur að lífeyrissjóðir eiga í mörgum tilvikum veigamikinn eignarhlut í fleiri en einu atvinnufyrirtæki á sama markaði. Huga þarf sérstaklega að áhættum sem fylgja slíkum hagsmunatengslum, ekki sist ef til þess kæmi að sömu lífeyrissjóðir ættu að auki veigamikinn eignarhlut í fleiri en einum viðskiptabanka.“

Þá bendir eftirlitið á að samanlagður eignarhlutur þeirra lífeyrissjóða sem eiga yfir 1% hlut í Arion banka, öðrum aðalkeppinauti Íslandsbanka, nemi um 35% af heildarhlutafé bankans. Þar af eiga þrjár stærstu sjóðirnir um 24% hlut.

Sú staða sem þarna er lýst er þegar fyrir hendi í öðrum skráðum félögum. Fimm lífeyrissjóðir – Gildi, Lífeyrissjóður verslunarmanna, A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Birta og Stapi – eiga samanlagt um 38 prósent hlut í Högum. Meðal vörumerkja undir hatt Huga eru Hagkaup, Krónan og Olís. Sömu fimm sjóðirnir eiga svo samanlagt



Söluférlí Íslandsbanka er í startholunum. Sem fyrr er öflug þátttaka lífeyrissjóðanna talin mikilvæg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Telur að vægi skyldusparnaðar sé orðið of hátt á Íslandi og að kanna þurfi sparnaðarpörf landans

Bent hefur verið á að auka þurfi frjálrsæði við ráðstöfun sparnaðar landsmanna, til að mynda með frjálrsari ráðstöfun séreignarsparnaðar. Gunnar Baldvinsson hjá Almenna segir að vægi skyldusparnaðar á Íslandi sé orðið of mikið.

„Ég er persónulega þeirrar skoðunar að vægi skyldusparnaðar á Íslandi í sparnaði einstaklinga sé orðinn of hár, en í raun má segja að flestir landsmenn séu skyldaðir til að greiða fimmtung af launum sínum í lífeyrissjóð (15,5 prósent) og í viðbótarlífeyrissparnað, sem er 4 prósent og er í raun þvingaður sparnaður. Því ef launþegi greiðir ekki 2 prósent

eigið framlag fær hann ekki 2 prósent mótframlag.

Þegar skylduölgjald er orðið þetta hátt er lítið svigrúm fyrir venjulegt launafólk til að vera með annan sparnað og fjárfesta meðal annars í hlutabréfum. Ég myndi vilja að fram færi itarleg greining á sparnaðarpörf einstaklinga og það verði skoðað hvort þörf sé á svona miklum skyldusparnaði. Ég er einnig þeirrar skoðunar að æskilegt sé að lagaumhverfi lífeyrisskerfisins verði endurskoðað þannig að einstaklingar fái meira svigrúm til að ráðstafa séreignarsparnaði sínum, til dæmis í hlutabréf,“ segir Gunnar.

Þetta eru margir sjóðir. Hver og einn getur selt sig út úr félögum ef þeir sjá tilefni til þess, eins og dæmin sanna.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu



ríflega 41 prósent hlut í Festi, sem er beinn samkeppnisaðili Haga. Meðal þeirra verslana sem Festi rekur eru Krónan og N1. Fyrirtækin tvö eru því augljóslega beinir keppinautar á meðan sömu fimm fjárfestar eiga

um tvo fimmtu hlutfjár í báðum félögum. Svipuð staða er uppi varðandi eignarhald tryggingafélaga.

„Það eru að mínu mati bæði kostir og áhyggjuefni að lífeyrissjóðir eru stórir hluthafar í ákveðnum félögum. Það er jákvætt að almenningur eigi hlut í skráðum hlutafélögum í gegnum lífeyrissjóði, en þannig má segja að félögin séu í raun almenningshlutafélög. Það er einnig jákvætt að lífeyrissjóðir, sem fagfjárfestar, sjái sér hag í að fjárfesta í félögum. Sjóðirnir hafa flestir mótað sér eigendastefnu eða hluthafastefnu, meðal annars með ákvæðum um gegnsæi, stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð sem þeir fylgja eftir,“ segir Gunnar.

Sjóðirnir starfa sjálfstætt og eiga ekki samstarf eða samráð um einstakar fjárfestingar.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins



„Það má líka benda,“ útskýrir hann, „að það væri erfitt fyrir sjóðina að velja einstök félög innan atvinnugreinar og útiloka önnur á grunni samkeppnissjónarmiða, sjóðirnir vilja hafa val um að dreifa áhættu með því að fjárfesta í mörgum hlutafélögum.“

Hann tekur hins vegar undir að það kunni að vera áhyggjuefni hversu stór hlutur sjóðanna er í einstökum félögum og greinum: „Það á sér skýringar í því að þeir fara með megnið af sparnaði landsmanna. Þrátt fyrir að sjóðirnir fylgi eftir eigendastefnu er ekki við því að búast að þeir verði leiðandi fjárfestar í einstökum félögum eða búi yfir sama drifkrafti og einkafjárfestar.“

Ólafur nefnir einnig að tilnefningarnefndir skráðra fyrirtækja, sem hafa það hlutverk að velja hæfasta fólk til stjórnarsetu, gætu haft hlutverki að gegna við að tryggja að samkeppnissjónarmiða sé gætt. Slík sjónarmið gætu þannig haft auknið vægi við val nefndanna á stjórnarmönnum viðskiptabankanna og félaga þar sem eignarhald lífeyrissjóða þverast yfir samkeppnismarkað.

Áframleiðsla í Straumsvík stöðug milli árána 2019 og 2020

